

# MOSFELLINGUR

16. tbl. 7. árg. föstudagur 19. desember 2008. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

*Gledileg jól*



Myndir/Magnús Már

## EIGN VIKUNNAR

### Litlikriki - settu íbúð upp í

 **EIGNAMIDLUN**  
Mosfellsbæ



Bjartar og fallegar 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir í nýju glæsilegu 3ja hæða lyftuhúsi við Litlakrika 2 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar eru með eikarinnréttingum og afhendast fullbúnar, án gólfefna, en tvær sýningaríbúðir eru tilbúnar með gólfefnum. Bílskúr fylgir sumum íbúðum.

**Verð frá 25,2 m.**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080  
Einar Páll Kjærsted, lögg.fasteignasali • [www.fastmos.is](http://www.fastmos.is), [www.eignamidlun.is](http://www.eignamidlun.is)



**MOSFELLSBAKARI**

**RÉTTINGAVERKSTÆÐI**  
*Jóns B. ehf*

Flugumýri 2, Mosfellsbæ  
Símar: 566 7660 og 697 7685  
[jonrett@internet.is](mailto:jonrett@internet.is)

Ný  
**CABAS**  
tjónaskoðun



**Vottað  
verkstæði**

**Þjónustuverkstæði**  
útvegum bílaleigubíla



# MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is  
www.mosfellingur.is

**Útgefandi:** Mosfellingur ehf.  
Skeljatanga 39, sími: 694-6426  
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**  
Hilmar Gunnarsson  
**Blaðamaður:** Ruth Örnólfsdóttir  
ruth@mosfellingur.is  
**Umbrot og hönnun:** Mosfellingur  
**Prófkör:** Hjördís Kvaran Einarasdóttir  
**Ljósmyndari:** Magnús Már Haraldsson  
**Prentun:** Prentmet, 3500 eintök  
*Teikið er við aðsendum greinum á netfangið  
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær  
ekki vera lengri en 500 orð.*  
**Mosfellingur kemur út að  
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 16. jan.

## Jól, komin einu sinni aftur

Jólin koma, það er næsta víst. Þau verða eflaust með breyttu sniði á mörgum heimilum í ár vegna aðstæðna í þjófélaginu. Vonandi þó að sem flestir geti haldið sem gleðilegust jól.



Mosfellingurinn  
Mað þessu sinni er  
ung baráttukona sem  
lenti í hræðilegu  
slysi á Vestur-  
landsvegi fyrir  
sex árum.  
Rebekka  
Allwood  
var á  
leið á

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Íþróttæfingu að Varmá þegar örlögin tóku í taumana. Rebekka er fjölfötluð og þarf á miklum stuðningi halda. Mosfellingur hefur stofnað söfnunarreikning sem ætlaður er til að létta undir með þeim mæðgum í baráttunni. Reikningurinn er 0549-14-400541 og kt. 020389-2499.

Mig langar að lokum að minna á flugeldasölu björgunar-sveitarinnar Kyndils. Með stuðningi okkar geta þeir áfram verið til taks ef við þurfum á þeim að halda.

Mosfellingur óskar ykkur gleðilegra jóla og farsældar.



## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar myndarlegur hópur björgunarsveitanna úr Kyndli stillti sér upp fyrir framan bækistöðvar þeirra að Rykvöllum.

**Efri röð:** Pétur Einarsson, Ingi Ragnar Pálmarsson, Haraldur Hafsteinn Guðjónsson, Guðjón Haraldsson, Ingi Már Gunnarsson, Þorkell Jóhannsson, Arnar Stefánsson, Vígmundur Pálmason.

**Neðri röð:** Erlingur Ólafsson, Guðvarður Hákonarson, Eiríkur Gíslason, Jóhann Jónsson, Aðalsteinn Finnbogason, Lárus Einarsson, Þorsteinn Theodorsson, Guðmundur Pálmason, Ragnar Björnsson og Finnbogi Albert.

Myndin er tekin 1. desember árið 1985, við vígslu á viðbyggingu við björgunarsveitarhúsið að Rykvöllum.



texture  
HÁRSTOFA

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.  
Takk fyrir viðskiptin á árinu.

Óskum öllum viðskiptavinum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Með hátíðarkveðjum:  
Sonja Riedmann og  
Eva-Marie Björnsson

Sími 5668521 - sonjarv@simnet.is

Sjúkráþjálfun  
Mosfellsbæjar


Texture verður 5 ára  
17. janúar 2009

Afmælistilboð  
20% afsláttur af vörum

15% afsláttur af  
þjónustu í janúar



## HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamín falinn í blaðinu?

# HÖFUM OPNAÐ Í GAMLA NÓATÚNSHÚSINU

Íslensk-Bandaríska ehf. og 100bílar ehf. eru loksins komin  
í heimabyggð en við höfum verið staðsett í Reykjavík til þessa.



## BÍLASALA - SÉRPANTANIR - VARAHLUTIR

Hjá okkur færðu notaða og nýja bíla. Einnig seljum við bílinn fyrir þig hérlandis sem erlendis.  
Nú eru nýsamþykkt lög sem heimila endurgreiðslu hluta aðflutningsgjalda notaðra bifreiða  
sem gerir okkur samkeppnishæfa á erlendum mörkuðum .

**Komdu og skráðu bílinn þinn þér að kostnaðarlausu eða skildu hann eftir hjá okkur.**



*Allir velkomnir,  
heitt á könnunni.*



**Starfsmenn okkar eru allir heimamenn**

**Októ Þorgrímsson**

okto@isband.is

**Kristján Guðmundsson**

kristjan@100bilar.is

**Sigurður Valgeir Óskarsson**

siggi@100bilar.is

100bílar sími: 517 9999 - Íslensk-Bandaríska sími: 534 4433

# Fjárhagsstaðan sterk

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti samhljóða í vikunni fjárhagsáætlun fyrir árið 2009. Áætlun var unnin sameiginlega af öllum flokkum í bæjarstjórn. „Með ináherslu í henni eru að standa vörð um grunn- og velferðarþjónustu sveitarfélagsins, að Mosfellsbær taki virkan þátt í því að halda uppi atvinnustigi með mannaflsekum framkvæmdum og verkefnum en haldi jafnframt áfram að sýna ábyrgð í rekstri,“ segir í tilkynningu frá Mosfellsbæ.

Hagrætt verður í rekstri bæjarins til að mæta lægri tekjum sem og hækkun kostnaðar og launa svo komast megi hjá því að hækka gjaldskrár vegna þjónustu.

## Niðurgreiðslur til foreldra hækkaðar

Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir 40% hækkun á niðurgreiðslum til foreldra sem eru með börn hjá dagforeldrum og að heimgreiðslur hefjist frá níu mánaða aldri í stað við eins árs aldur eins og áður. Þá er gert ráð fyrir óbreyttum gjaldskrár í leik- og grunnskólum.

Tveir nýir skólar verða teknir í notkun á árinu, Krikskóli, sem verður skóli fyrir eins til níu ára börn, og framhaldsskóli sem hefur göngu sína í bráðabirgðahúsnæði næsta haust.

## Laun æðstu stjórnenda lækka

Í fjárhagsáætlun er jafnframt gert ráð fyrir því að laun bæjarfulltrúa og nefndarfolks lækki í samræmi við ákvörðun kjaranefndar um þingfararkaup og að laun hjá æðstu stjórnendum bæjarins lækki um 6-7%. Þá verður gert sérstakt átak í að lækka starfstengdan kostnað.

Í greinargerð bæjarstjóra, Haraldar Sverrissonar, segir meðal annars: „Fjárhagsstaðan er sterk, sveitarfélagið býr að því að hafa á undanförunum árum verið að skjóta styrkum stöðum undir fjárhagslega stöðu sína. Mosfellsbær hefur ekki tekið lán síðan 2004 og hefur unnið jafnt



og þétt að því að greiða niður lán. Ennfremur eru erlend- ar skuldir lítil hluti skuldafansins.“

## Útvar hækkar

Gert er ráð fyrir að skatttekjur lækki nokkuð milli ára. Heildartekjur A og B hluta bæjarsjóðs Mosfellsbæjar á árinu 2009 eru áætlaðar 4.276 mkr. en gjöld án fjármagnsliða áætluð 4.300 mkr. Rekstrarhalli án fjármagnsliða er því áætlaður 24 mkr. Áætlað er að veltufé frá rekstri A- og B- hluta verði jákvætt.

Útvarsprósenta verður 13,03% og eru útvarstekjur áætlaðar 2.518 mkr. Tekjur af fasteignasköttum eru áætlaðar 446 milljónir króna, sem er 2% aukning frá fyrra ári vegna fjölgunar íbúða en álagningahlutföll fasteignaskatta eru óbreytt.



## Minningargjöf um Jóhann Björnsson

Í guðsþjónustu í Lágafellskirkju þann 30. nóvember var sókninni afhent minningargjöf um Jóhann Sæmund Björnsson. Jóhann var um árabíl framkvæmdastjóri Lágafellssóknar, gegndi störfum kirkjuvarðar og meðhjálpara auk þess að hafa umsjón með kirkjugörðum Lágafellssóknar. Jóhann lést þann 20. ágúst 2006.

Gjöfin er tveir altarisvasar úr leir eftir listakonuna Ingu Elínu. Gefundur eru eftirlifandi eiginkona Jóhanns, Svanhildur Þorkelsdóttir, börn þeirra Þorkell Ásgeir, Alfa Regína og Þorbjörn Valur og fjölskyldur þeirra.

## MOSFELLINGUR á vaktinni

Mosfellingur gerði verðsam- anburð á æfingagjöldum hjá Aftureldingu. Verðið miðast við æfingagjöld per mánuð þar sem 12 ára barn á í hlut. Listinn er ekki tæmandi þar sem gjaldið getur einnig farið eftir fjölda æfinga, styrkleikaflokki o.fl.



Fimleikar	6.000 kr./mán
Sund	5.090 kr./mán
Taekwondo	4.500 kr./mán
Frjálsar	4.400 kr./mán
Fótbolti	4.300 kr./mán
Badminton	4.000 kr./mán
Handbolti	4.100 kr./mán
Blak	3.300 kr./mán
Karate	3.600 kr./mán
Körfubolti	3.750 kr./mán

## Kvenfélag Lágafellssóknar

### Gáfu mjaltavél

Í byrjun desember fóru nokkrar konur í Kvenfélagi Lágafellssóknar og færðu Ung- og smábarnavernd Heilsugæslu Mosfellsbæjar mjaltavél að gjöf.

Á myndinni hér til hliðar má sjá konurnar við afhendinguna í heilsugæslustöðinni í Kjarna.

Kvenfélagið hafði áður gefið mjaltavél, en hún var orðin ónothæf svo þessi rausnarlega gjöf kvenfélagsins kemur sér því afar vel.

Kvenfélag Lágafellssóknar var stofnað 26. desember 1909 og verður því 100 ára á næsta ári.



Brynja Sverrisdóttir, Hrafnhildur Halldórsdóttir, Valdís Ólafsd. formaður, Hólmfríður Jóhannsdóttir, Guðrún Hafsteinsdóttir, Ester Guðmundsdóttir, Ingimunda Loftsdóttir, Margrét Ólafsdóttir, Herdís Kristinsdóttir, Sigrún Sigurðardóttir og Krístrún Kjartansdóttir.

## KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



## Helgihald næstu vikur:

### 21. desember 4. sd í aðventu

Kl. 11. Skírnarguðsþjónusta í Lágafellskirkju

### 24. desember - Aðfangadagur

Kl. 13. Barnaguðsþjónusta í Lágafellskirkju  
Kl. 18. Aftansöngur í Lágafellskirkju  
Kl. 23:30 Miðnæturguðsþjónusta í Lágafellskirkju

### 25. desember - Jóladagur

Kl. 14. Hátíðarguðsþjónusta í Lágafellskirkju  
Kl. 16. Hátíðarguðsþjónusta í Mosfellskirkju

### 28. desember

Kl. 11. Jólasöngvar fjölskyldunnar í Lágafellskirkju

### 31. desember - Gamlársdagur

Kl. 18. Aftansöngur í Lágafellskirkju

Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson kveður söfnuðinn eftir þriggja mánaða starf.

### 4. janúar 2009

Kl. 11. Almenn guðsþjónusta í Lágafellskirkju  
Sr. Skírni Garðarson settur inn í embætti prests safnaðarins.

### SÓKN Í SÓKN

– LIFANDI SAMFÉLAG  
Vertu með í sókninni!

## Afmælistónleikar Reynis Sigurðssonar



Hlégarði  
28. desember  
kl. 20:30

# JAZZ OG JÓL MEÐ KYNSLÓÐABANDINU



MOSFELLSBÆR

**Kaffihúsastemmning í anda  
jóla og jazz liðinna og nýrra tíma.**

Einstakt tækifæri – menningarviðburður í hæsta  
klassa – aðeins þessir einu tónleikar.



Aðgangur ókeypis.

Reynir Sigurðsson heldur upp á þann merka áfanga í ár að hafa spilað í hálfra öld. Í gegnum tíðina hefur hann leikið með ýmsum landsþekktu dans- og jazzböndum, þar á meðal hljómsveitum Svavars Gests og Hauks Mortens. Þá hefur hann til fjölda ára leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þessi meistari ásláttarhljóðfæranna er ákaflega fjölhæfur tónlistarmaður leikur meðal annars á marimbu, víbrafón, harmoniku, píanó og slagverk.

Í tilefni þessa tímamóta stofnaði Reynir, í samvinnu við menningarsvið Mosfellsbæjar, hljómsveit með ungum og efnilegum tónlistarmönnum úr Tónlistarskóla FÍH. Hugmyndin var að ungir hljóðfæraleikarar, sem eru á sama aldri og hann var þegar hann hóf hljóðfæraleik, mynduðu hljómsveit með hinum reynda meistara svo með táknrænum hætti mætti miðla arfi kynslóðanna til komandi jazzkynslóðar. Frumraun Kynslóðabandsins, eins og sveitin var nefnd, var á bæjarhátíðinni í túninu heima í Mosfellsbæ nú í sumar en sveitin kemur saman að ný nú um hátíðirnar og heldur eina tónleika."



Björgunarsveitarfólk í boðinu í Völuteigi.



Formaðurinn tekur við heillaóskum.



Þorbjörg gerir sig klára fyrir kassaklifríð.

## Fólkskuleg líkams- árás á vertinn

Mánudagskvöldið 8. desember varð Guðmundur H. Ármannsson, eigandi Draumakaffis, fyrir fólkskulegri árás á staðnum. Guðmundur kom að manni með tveimur stúlkum sem voru að borða matarleyfar annarra viðskiptavina. Guðmundur sagði þeim að þetta væri stranglega bannað og brást þá maðurinn ókvæða við og kýldi Guðmund af miklum þunga svo Guðmundur rotaðist. Tveir Litháar voru á staðnum og gátu kallað til lögreglu en Guðmundur lá illa leikinn eftir árasina. „Þetta er óneitanlega ónotaleg tilfinning að menn komist upp með svona lagað hér í okkar annars rólendis bæjarfélagi,“ segir Guðmundur. Vertinn ber sig þó vel og stendur vaktina sem endranær á Draumakaffi.

## Björgunarsveitin fagnar tímamótum

# Kyndill 40 ára



Á haustmánuðum 1968 tóku sig nokkrir félagar saman og stofnuðu björgunarsveit. Þetta voru m.a. Erlingur Ólafsson, Andrés Ólafsson, Albert Finnbogason, Diddi í Ullarnesi o.fl. Fyrstu árin var sveitin á faraldsfæti og hafði aðsetur m.a. í gömlu sundlauginni, Brúarlandi og í bílskúr í Markholti.

Sveitin fékk loks aðstöðu í gamla leikskólanum á Rykvöllum og seinna var byggt við húsið og hafði Kyndill aðsetur þar næstu 20 árin. Árið 1997 var farið í að byggja núverandi húsnæði í Völuteigi. Það var að öllu leyti byggt af félagsmönnum fyrir utan sökkjana. Öll starfsemi sveitarinnar var komin í gagnid á núverandi stað í ársbyrjun 2001.

Starfsemi hefur mikið eflst frá

stofnun sveitarinnar en í dag eru félagsmenn um 60 og um helmingur þeirra virkir, sem telst mjög gott. Nýliðun hefur sjaldan verið betri en Kyndill stofnaði fyrst unglingsdeild 1989 og síðan hefur verið unglingsstarfið verið öflugt. Í ár eru hátt í 40 unglingar í þremur aldurshópum og er því framtíðin björt.

Þann 6. desember heiðraði fjöldi gesta afmælisbarnið á 40 ára afmæli þess eins og myndirnar bera með sér. Nú líður senn að árlegri flugeldasölu Kyndils sem er þeirra aðal tekjulind og eru Mosfellingar minntir á mikilvægi þess að versla í heimabyggð og styðja við bak okkar öflugu sjálfbodaliða í Kyndli.



Örn Kjærnested og Jónas Sigurðsson.



Ingi Már, Einar Páll og Karl Helgi.



Tækjakostur sveitarinnar kannaður.



Haraldur Sverrisson bæjarstjóri færir Hlyni Sigurðssyni formanni sveitarinnar gjöf fyrir hönd bæjarstjórnar.



Helgi Kjartansson og Sigurður Ingimarsson hafa verið í Kyndli í fjölda ára.



Feðgarnir Leifur Guðjónsson og Guðjón Haraldsson.



Kassaklifríð alltaf vinsælt hjá björgunarsveitinni.



## Tilnefningar til Mosfellingsársins

Val á Mosfellingsársins 2008 stendur nú yfir og gefst lesendum kostur á að tilnefna þá sem þeim finnst verðugir að bera nafnbótina. Allir Mosfellingar koma til greina í valinu og er öllum frjálst að senda inn tilnefningar á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is. Er þetta í fjórða sinn sem þetta val fer fram á vegum Mosfellings. Útnefningin verður kunngjörð í fyrsta blaði næsta árs sem kemur út þann 16. janúar.

## ELDRI BORGARAR



## Frá félagsstarfi eldri borgara !

Handverksstofan á Hlaðhömrum verður lokuð frá föstud. 19. desember til mánud. 5. janúar vegna undirbúnings og skipulagningar fyrir næsta starfsár.

**Tréskurðarnámskeið**  
byrjar 8. jan. kl. 12.30  
**Leikfimi**  
byrjar 12. jan. kl. 14.10

**Bókbandsnámskeið**  
byrjar 13. jan. kl. 13.  
**Gangan frá Hlaðhömrum**  
byrjar 13. jan. kl. 11.30



Skráning og upplýsingar eru hjá Svanhildi í síma 586-8014 kl. 13 – 16 frá 5. janúar. Með ósk um blessunarríka jólahátíð og farsæld, gleði og bjartsýni á nýju ári. Umsjónarmaður

Urðarholt 2 270 Mosfellsbæ eldhusid.is

**Leggðu númerið á minnið**

**522·2222**

**Besti vinur bragðlaukanna**



**ELD HÚSIÐ**  
*Pizzabakarí*

EKTA OSTUR

ELDBAKSTUR

ÁSTRÍÐA

# Lof þinn Drottin - á ný



## Hótel Laxnes gefur mæðrastyrksnefnd

Hótel Laxnes afhenti mæðrastyrksnefnd sjö gjafabréf með gistingu í svítu ásamt vali á rauðvíni eða hvítvíni. Gjafabréfin verða sett á uppboð á útlagsstöðvum og rennur allur ágóði til Mæðrastyrksnefndar. Meðfylgjandi er mynd af tveimur starfsmönnum Mæðrastyrksnefndar, Erlu og Sigurbjörgu, ásamt Alla Rúts eiganda Hótel Laxness.



## Sælla er að gefa en þigga

Nemendur í Varmárskóla komu saman á dögunum til að útbúa jólin í skókassa en þeim er úthlutað til munaðarlausra barna í Úkraínu.

## Hörður hættir eftir 44 ára starf

Hörður Jóhannesson lögreglu- maður hverfur nú af vettvangi löggæslunnar eftir rúmlega 44 ára starf. Hörður hefur verið aðalvarðstjóri lögreglunnar í Mosfellsbæ síðustu árin og jafnan deilt fréttum úr dagbók lögreglunnar með lesendum Mosfellings. Hörður hóf störf í Mosfellsbæ árið 1994. Í síðasta Mosfellingi fórst fyrir undirskrift Harðar þar sem hann þakkar Mosfellingum og nærsveitum um fyrir samstarfið og biðjumst við velvirðingar á því um leið og Herði er þakkað fyrir árin í Mosfellsbæ og Mosfellingi.

Lögreglan vill koma því á framfæri að síminn á lögreglustöðinni er 444-1190 og neyðarnúmerið er sem fyrr 112. Beinn sími í lögregluhlúðil er 843-1190. Sömu menn og áður annast löggæsluna og Guðmundur St. Sigmundsson verður áfram svæðislögreglu- maður.



Kæru lesendur.  
Náð sé með yður og frið-  
ur frá Guði föður vorum  
og Drottni, Jesú Kristi.



Undirritaður var nýlega  
valinn til prestsþjónustu  
í Mosfellsprestakalli, og  
mun hefja störf þann 1.  
janúar næstkomandi. Vonandi  
verður þjónustan Guði til dýrðar  
og söfnuðinum í Lágafellssókn til  
blessunar. Þakka ég og Sigrún eig-  
inkona mín það traust sem felst í  
ákvörðun valnefndar heimamanna  
og hlakka ég til að hefja störf á ný-  
árinu.

Undanfarin ár hef ég annast  
þjónustu farprests, og þjónað nokk-  
uð víða um land. Athyglisvert hef-  
ur verið að kynnað mismunandi  
áherslum í helgihaldi og helgisíð-  
um. Gjarna eru einhverjir stað-  
bundnir sálmur sungnir og sums  
staðar eru sálmarnir beinlínis  
sprottin úr jarðvegi heimasveitar,  
ef svo má að orði komast. Er þar  
eðlilegast að nefna fyrstan sálma-  
skáldið Hallgrím Pétursson, en sálma  
hans er áhrifamikil að syngja í  
Saurbæ á Hvalfjarðarströnd, en þar  
hef ég þjónað undanfarin misseri.  
Hallgrímur var skáld föstunnar,  
passíuskáldið.

Nú nálgast hins vegar jólin og vil  
ég minnast á nokkur önnur sálma-  
skáld sem hafa ort um adventu og  
jól. Fyrstan nefni ég Rangæinginn  
Guðmund Guðmundsson (skóla-  
skáld) sem á nokkra fallega sálma

í sálmabók Þjóðkirkjunnar.  
Þeirra er fegurstur er „Kom  
blessuð ljóssins hátíð“ nr.  
77.

Guðmundur skólaskáld  
yrkir á fingerðum strengjum  
trúar sinnar, hann fer á kost-  
um hér eins og endranær,  
enda snillingur í tjáningu  
sinni gagnvart Guði. Guðmundur  
var frá Hrólfsstaðahelli á Landi.

Stefán Sigurðsson (frá Hvíta-  
dal) skípar veglegan sess í hugum  
margra. Enginn tjáir smæð og  
vanmátt mannsins betur gagnvart  
almættinu. Stefán yrkir þó um  
vonina og gleðina og nægir þar að  
nefna sálminn „Gleð þig særða sál“,  
nr. 74 í sálmabókinni. Dalamenn  
og Strandamenn geta verið stoltir  
af Stefáni, enda hefur hans verið  
minnst með virðingu nýverið.

Þá vil ég nefna sálmaskáldið og  
þýðandann Magnús Runólfsson,  
sem ekki hefur fengið þá athygli  
sem honum ber; hann hefur þýtt  
allmarga sálma, suma af einstakri  
snilld. Sjálfsagt munu einhverjir  
rata inn í sálmabækur framtíðar-  
innar. Nefni ég ágætán adventu-  
sálm, „Jesús, mín morgunstjarna“  
sem þegar er að finna í sálmabók-  
inni, nr. 109. Magnús var Reykvík-  
ingur, en vígðist til prests; þjón-  
aði Árnesprestakalli á Ströndum,  
seinna í Þykkvabæ, þar sem hann  
andaðist í embætti.

Hvet ég lesendur hér með til að  
lesa einn eða fleiri nefndra sáma.  
Þeir gefa blessun og gleði á ad-  
ventu jóllanna. Að lokum heilsa ég  
Mosfellingum með sálmi sem ég  
sjálfur hef þýtt. Kalla ég sálminn  
„Lof þinn Drottin á ný.“

Sérðu þá stjörnu sem tindrar?  
Sú breytir nóttu í dag.  
Heyrðu klukkurnar kalla?  
Heyrðu englalag?  
Englarnir syngja söng um frið,  
syngja inn frið í þitt líf.  
Þeir vilja styðja og leggja lið,  
svo lof þinn Drottin - á ný.

Sérðu hinn nýfædda Jesúm?  
Sérðu að Guð er til?  
Heyrðu klíður í kindum?  
Hér er tímaskill!  
Englarnir syngja söng um frið,  
syngja inn frið í þitt líf.  
Þeir vilja styðja og leggja lið,  
svo lof þinn Drottin - á ný.

Lítu á jötuna lágu,  
lítu í eigið skaut.  
Guð vill þér eilífa gefa,  
gleði á himnabraut.  
Englarnir syngja söng um frið,  
syngja inn frið í þitt líf.  
Þeir vilja styðja og leggja lið,  
svo lof þinn Drottin - á ný.

Með ósk um friðsæla  
adventu og gleðileg jól

Sr. Skírnir Garðarsson


## Jólahugvefja

Slátur, svið og hjartakássa á boðstólum

## Víkingapema í 5. bekk

Krakkarnir í 5.-SB í Varm-  
árskóla voru með víkinga-  
þema í skólanum sem þau  
samþættu við námsefnið.  
Krakkarnir fengu dygga að-  
stoð frá kennaranum sínum  
þeim Sigrúnu Bjarnadóttur  
og Berglinni Hilmarsdóttur  
kennaranema.

Alvöru víkingar kíktu í  
heimsókn og börðust með  
sverðum og skjöldum.  
Krakkarnir tóku slátur,  
saumuðu vambirnar, skáru  
mörin og hræðu saman allt  
svíð. Auk þess sem þau suðu  
svíð, gerðu víkingasúpu og  
hjartakássa sem þau buðu  
foreldrum sínum upp á á  
bekkjarkvöldi. Þemað stóð  
yfir í tvær vikur og fræddust  
börnin um matarvenjur  
þessa tíma og æfðu leikrit  
um líf víkinganna svo eitt-  
hvað sé nefnt.



# JÓLAHÁTIÐ Á TORGI

**Jólatorgið verður opið**  
laugardag og sunnudag kl. 14-16

**jólasveinar**

Frábær skemmtidagskrá fyrir alla  
fjölskylduna verður kl. 15-17 báða dagana.

**geiri lg og addi taw**

**blæti**

**leikþættir**

**dúettinn hljómur**

**maría ólafsdóttir, sigurvegari söngkeppni bólsins**

**stefanía svavarsdóttir, sigurvegari söngkeppni samfés**

**kórar**

**tvísýni**

**steindi jr. peppar upp bæjarbúa**

**eldgleypir**

**bob gillan og ztrandverðirnir**



MOSFELLSBÆR

Menningarmálanefnd

Mætum öll og upplifum  
**ekta jólastemningu**

í miðbæ Mosfellsbæjar



## SKÖTUHLAÐBORÐ í hádeginu á Þorláksmessu



Söltuð skata, kæst skata, tindabikkja,  
spænskur saltfiskréttur, plockfiskur, saltfiskur,  
hákarl, síldarréttir, paella, fiskipaté,  
tartalettur, rauðsprettu, fiskigratin, paté og fl.

Borið fram með rúgbrauði, rófum, kartöflum,  
hnoðmör, smjöri, hömsum, hangifloti og fl.



*Hlégarður*



**VEISLUGARÐUR**

Veisluþjónustan Hlégarði

Háholti 2, 270 Mosfellsbær

Sími 566 6195, Fax 566 6097

*Vinsamlegast pantið borð tímanlega  
í síma: 566-6195 eða 566-8215.*



Tónlistarmaðurinn Reynir Sigurðsson heldur afmælistónleika í Hlégarði

# Hálfrar aldar starfsafmæli

Reynir Sigurðsson heldur upp á 50 ára afmæli sitt sem spilandi hljómlistarmaður, en á þessu ári er hálf öld frá því hann hóf spilamennsku. Þessi meistari ásláttarhljóðfæranna er ákaflega fjölhæfur tónlistarmaður leikur m.a. á marimbu, víbrafón, harmoniku, píanó og slagverk. Auk þess að leika í dans og jazz böndum í hálfu öld, en hefur komið víða við á starfsæfi sinni, m.a. til margra ára í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

## Norðurlandameistarar með í liði

Reynir ákvað í samvinnu við menningarsvið Mosfellsbæjar að halda upp á þessi tímamót, m.a. með því að bjóða ungum og efnilegum tónlistarmönnum úr FÍH að mynda með sér sveit. Þetta eru þeir Kristján Tryggvi Martinsson, Andri Ólafsson, Magnús Tryggvason Eliasen, Daníel Friðrik Böðvarsson og Ingimar Andresen. Þeir náðu þeim frækna árangri að sigra Norrænu ungðjasskeppnina sem haldin er árlega í Kaupmannahöfn.

Hugmyndin að tónleikum var að ungr hljóðfæraleikarar sem eru á sama aldri og hann var þegar hann hóf hljóðfæraleik mynduðu hljómsveit með hinum reynda



Mynd/Guðmundur Albertsson

meistara svo með táknrænum hætti mætti miðla arfi kynslóðanna til komandi jazzkynslóðar.

## Jazz í hæsta klassa

Frumraun þeirra var á Bæjarhátíðinni Í túninu heim nú í sumar. En nú eru hinir ungu og efnilegu að safnast saman heim á Frón í jólafrí úr námi erlendis og hópurinn lofaði

Mosfellingum því að halda almennilega tónleika til að halda upp á afmæli Reynis. Tónleikarnir verða nú haldnir í Hlégarði milli jóla og nýjárs, sunnudaginn 28. desember kl. 20.30.

Heitt á könnunni, kaffihúsa-stemning í anda jóla og jazz liðina og nýrra tíma. Einstakt tækifæri - menningarviðburður í hæsta klassa.

LUMAR ÞÚ Á...

FRÉTTAMYND?

LUMAR ÞÚ Á...

PARTÝMYND?

LUMAR ÞÚ Á...

GAMALLIMYND?

...eða einhverju öðru sem þú vilt deila með okkur?

Sendu okkur línu á netfangið [am@mosfellingur.is](mailto:am@mosfellingur.is)

## Jólaþveðja frá Norðfirði

Gömlum Mosfellingi, sr. Sigurði Rúnari Ragnarssyni sóknarpresti í Norðfjarðarprestakalli, varð hugsað til heimaslóða þegar hann samdi jólasálm sem hann deilir hér með lesendum Mosfellinga. Sr. Sigurður Rúnar, Ragnheiður Hall og börn senda Mosfellingum öllum bestu óskir um um gleðileg jól og farsæld á nýju ári. Lifið heil.



### Í Kristi átt þú allt

Himneski faðir, hátíðleik jólin oss færa, heimurinn fagnar og ómar nú söngurinn víða. Birtan á himninum berst oss með ljósinu skæra, blessun og líknin til allra sem þjást og stríða.

Hátíðin öll nú helgast af miskunn þinni, hirðar á Betlehemsvöllunum náð þína finna. Himneskur friður nú vaknar í vitund minni, svo verður um hvern þann er finnur sig meðal þinna.

Með fagnaðarboðskapnum veit ég að Guð gerðist maður, er gaf öllu mannkyni ljós til að rata í myrki. Og trúin mér lýsir og þess vegna geng ég nú glaður, því gleðileg jólin þau viðhalda trú minni styrki.

Í fæðingu Jesú við finnum hve Guð er oss góður, og gæska hans öll færir mannkyni blessun svo hreina. Í Kristi á maðurinn einstakan einlægán bróður, er birtist í verkum hans, náungakærleikum eina.

Þú veist - hann í kærleika ávallt sig allan vill gefa, í elsku til manna og þjóða sem nafnið hans lofa. Og ást hans er mest fyrir þá sem að aldrei í efa, eignuðust hlutdeild í móður og barni í kofa.

Þú veist að í Kristi þér kærleikur allur mun gefast, er kemur þú til hans með þeim sem að nafnið hans lofa. Og elska hans býðst þér og aldregi skalt um það efast, að náð hans í bæn mátt þú eiga er fer þú að sofa.

Sigurður Rúnar Ragnarsson  
sóknarprestur í Norðfjarðarprestakalli.

# Þorrablót Dalbúa í Hlégarði 30. janúar 2009

## Kæru Mosfellingar

Nemendur og starfsfólk Varmárskóla senda ykkur öllum bestu jóla- og nýjárskveðjur með þökk fyrir samstarfið á liðnu ári.



Nemendur og starfsfólk í 2. bekk á köldum desemberdegi í útikennslustofunni okkar.

Ólafur Stefánsson handknattleiksmaður býður upp á samræður við foreldra og áhugafólk um lífið og uppeldismál á vegum Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar fimmtudagskvöldið 8. janúar 2009 kl. 20.30 í Hlégarði.



MOSFELLSBÆR

Ólafur vakti athygli í viðtölum í kring um ólympíuleikana síðasta sumar fyrir heimspeki sína og lífssýn sem einkennist öðru fremur af jákvæðri hugsun. Hann er einn fræknasti íþróttamaður sem Íslendingar hafa eignast og er talinn einn sterkasti handknattleikmaður í heimi í dag. Eitt af því sem gerir hann að þeim afreksmanni sem hann er er sú mikla áhersla sem hann hefur um árabíl lagt á alhliða þjálfun, andlega jafnt sem líkamlega. Hann trúir því að skapandi lífssýn og jákvæð hugsun sé forsenda raunverulegs árangurs og hefur sýnt það og sannað með afrekum sínum að hann lifir samkvæmt því.

Það sem færri vita er að Ólafur er mikill áhugamaður um kennslu- og uppeldismál. Hann hefur viðað að sér þekkingu um árabíl, bæði upp á eigin spýtur, sem og í háskólanámi í London sem hann hefur stundað samhliða starfi sínu.

„Ég reyni að koma með eitthvað sem hreyfir við fólk, gerir það að þátttakendum, gefur því orku og fyllingu. Ég vonast til að læra meira af þátttakendum en þeir af mér.“

## JÁKVÆÐNI Í DAGLEGU LÍFI

Ólafur Stefánsson á opnu húsi í Mosfellsbæ

„Foreldrar sem eitt sinn voru líka börn. Mun segja þeim frá nýjum möguleikum hvað varðar tenginga-hugsun, húmor, visualization, minni, sköpunargáfu o.fl. Ef þau eru sniðug þá koma þau með minnisbækur með sér og líti.“



Virðing, jákvæðni, framsækni, umhyggja.

Líf Rebekku Önnu Allwood breyttist á örskotstundu er hún varð fyrir bíl á Vesturlandsvegi árið 2002

# Fótar sig að nýju

**V**ið mæltum okkur mót á fall-egu heimili þeirra mæðgna að Áslandi. Þegar inn var komið mátti sjá hjálpartæki hvert sem auga var litið, líkt og inn á endurhæfingarstofnun væri komið. Við hlið göngugrindarinnar inn í stofu sat Rebekka Anna nýkomin úr baði og bauð mig velkomna. Rebekka er með skert skammtíma-minni og á erfitt með að tjá tilfinningar eftir slysið og er viðtalið því tekið við móður hennar en ekki við hana sjálfa.

Rebekka Anna Allwood fæddist á fæðingardeild Landsspítalans 2. mars 1989. Foreldrar hennar eru John Nathaniel Allwood sérfræðingur í gagnagrunnsmálum og starfar hjá Software AG í Bandaríkjunum og Ólöf Guðrún Þráinsdóttir sem vann sem kerfisfræðingur hjá Reiknistofu bankanna en er nú heimavinnandi. Rebekka á eina eldri systur Elísabetu Ólöfu fædda 1986.

## Ætíð dugleg að bjarga sér

„Rebekka var bráðgert barn, farin að hlæja upphátt mánaðar gömul og var í fremstu röð í að taka út þroska á öllum sviðum fyrsta árið,“ segir Ólöf móðir hennar aðspurð um það hvernig barn Rebekka hefði verið. „Hún var alla tíð afar sjálfstæð og dugleg að bjarga sér. Hún lærði á fiðlu og var í ballett á unga aldri en þegar hún var átta ára byrjaði hún í fimleikum hjá Ármanni og áttu þeir strax hug hennar allan. Hún varð fljótt mjög góð í fimleikum og var komin í fremstu röð jafnaldra á nokkrum mánuðum, æfði fimm sinnum í viku og vann til fjölda verðlauna. Fimleik-



Fjölskyldan árið 2001. Elísabet Ólöf, John Nathaniel, Ólöf Guðrún og Rebekka Anna.

ana æfði hún til ellefu ára aldurs en þá varð hún ósátt við þá miklu pressu sem fimleikaþjálfunin var einkum þegar mót nálgadist og langaði líka til að hafa tíma til að vera með skólasystkinum sínum. Hún hætti í fimleikumunum og fór að æfa fótbolta og handbolta hjá Aftureldingu.“

## Áfallið skall yfir

Miðvikudagurinn 6. nóvember 2002 átti eftir að verða afdrifaríkur dagur í lífi Rebekku. Rebekka sem var á leið í íþróttahúsið á æfingu varð fyrir bíl á Vesturlandsvegi með þeim afleiðingum að hún kastast upp á húddið á bílnum og þaðan þrjátíu metra skáhallt yfir veginn og lenti í vegarkantinum. „Hún slasaðist mjög alvarlega en tilviljanir ollu því að hún er enn á meðal okkar,“ segir móðir hennar alvarlega á svip. Í fyrsta eða öðrum bíl á vettvang var bæklunarlæknir og einnig kom þarna mjög fljótt að lögreglumaður sem var ekki á vakt. Rebekka var hætt að anda vegna þess að hálsinn var í annarlegri stöðu en læknirinn kom henni til að anda aftur með blástursmeðferð og lögreglumaðurinn sá um öryggismálin. Hún fékk þannig bestu hugsanlegu aðhlyningu á slysstað. Eftir þetta slys spunnust upp umræður um undirgöng undir Vesturlandsveginum við Áslandið og komu þau nokkrum árum seinna.

## Haldið sofandi í fjórar vikur

„Er Rebekka var skoðuð eftir að á spítalann var komið komu í ljós miklir höfuðáverkar, tveir hálsliðir höfðu brotnað og hægri fóturinn var brotinn á tveimur stöðum. Henni var haldið sofandi í fjórar vikur og fékk svo mikinn spasma þegar farið var að vekja hana að umsjónarlæknirinn hennar sagðist aldrei hafa vitað til að neinn næði sér sem hefði svona mikinn spasma. Þetta finnst mér eftir á að hyggja að hafi verið viðhorf lækna allar götur síðan,“ segir Ólöf „og því verið við um ramman reip að draga og mikil barátta að finna einhver úrræði sem gætu komið að einhverju gagni fyrir Rebekku.“



## MOSFELLINGURINN

### Fjölfötluð með ósjálfráðar hreyfingar

„Rebekka var fimm mánuði á barnadeild LSH í Fossvogi og fór síðan á Grensásdeild, í raun allt of fljótt og á viðkvæmu stigi. Rebekka gat ekkert talað fyrstu fjóra mánuðina, byrjaði svo að mynda nokkur orð með vörnum og að lokum komu hljóðin líka. Hún er fjölfötluð, með ósjálfráðar hreyfingar í útlimum einkum hægra megin í líkamanum og spasma sem er aftur á móti vinstra megin. Á tímabili var hryggurinn á henni eins og bókstafurinn C því hægri hliðin dróst svo mikið saman en sú vinstri í sundur. Auk þess var höfuðið reigt aftur og út á hlið til vinstri.“

### Reynir á aðstandendur

„Rebekka var níu mánuði á Grensásdeild en því miður varð árangur þar lítill og hún var alltaf mjög ósátt að vera þarna innan um allt þetta gamla fólk. Ég sótti um styrk til að fara með hana til meðferðar og þjálfunar erlendis en fékk neitun. Það er víst ekki veittur styrkur nema til sérstakra aðgerða. „Það



Rebekka á spítalanum árið 2002 með ömmu sinni Lou, og mömmu og pabba.

er allt svo vélrænt í þessu kerfi,“ segir Ólöf, „allt rígbundið í reglur sem manni finnst stundum að þjóni helst þeim tilgangi að auðvelda starfsfólki Tryggingarstofnunar Ríkisins að neita fólki um aðstoð.“

### Árangur lítill

„Sumarið 2004 dvaldi Rebekka á Reykjalundi í dagvist í mánuð. Ég hafði bundið miklar vonir við þá dvöl enda Reykjalundur með gott orð á sér sem endurhæfingarstofnun. Árangur af þeirri dvöl var því miður líka mjög lítill.

Í ársbyrjun árið 2004 byrjaði Rebekka aftur í Varmárskóla. Þrátt fyrir að hafa misst rúmt ár úr skóla og vera með mjög skerta námsgetu var aldurinn látinn ráða skólagöngu og hún útskrifaðist því með sínum árgangi sem ég var ekki viss um að mér

fyndist ásættanlegt en kennarar og skólastjórnendur töldu hins vegar að það gæti verið meira áfall fyrir hana að þurfa að sitja eftir þegar hinir í árganginum væru að útskrifast og það er vissulega sjónarmið út af fyrir sig.“

### Byrjaði í Borgarholtsskóla

Rebekka byrjaði svo í sérdeild í Borgarholtsskóla haustið 2005 og er þar enn. Þetta er mjög erfitt því það eru óraunhæfar kröfur að hún geti haldið sínu striki og fylgt jafnöldrum í námi. Verst er að það er enginn staður fyrir svona sjúklinga, hvorki skóli né endurhæfing við hæfi en þetta tvennt þyrfti að fléttast saman. Yfirvöld hafa því leyst málið með því að láta skólana taka við þessum sjúklingum en sú lausn er engan veginn fullnægjandi.

### Mældist lágt í greindarmælingu

„Rebekka var í gjörsamlega vonlausri stöðu fyrstu þrjú árin eftir slysið og varð til þess að hún sveif einhvern veginn í lausu lofti í litlum tengslum við jörðina og vildi helst ekki koma til baka. Hún mældist lágt í greindarmælingu ári eftir slysið en það hefur sýnt sig að greindarstigunum fjölgar í réttu hlutfalli við bætt líkamsástand og hefur hún halað sig upp um ellefu stig miðað við jafnaldra síðustu þrjú árin sem er umtalsvert. Sérfræðingar sögðu mér á sínum tíma að fólk með svona mikinn heilaskaða drægist yfirleitt meira aftur úr í greind eftir því sem á liði. Rebekka hefur að vissu marki sýnt mikinn viljastyrk og hefur aldrei neitað að fara í meðferð en án hennar vilja og samvinnu væri ekkert hægt að gera. Hún vill ná betri heilsu og öðlast betra líf en hana vantar frumkvæði og sjálfsstyrk til að geta séð möguleikana sína raunhæft fyrir sér, mótað sér stefnu og fylgt henni eftir, en ég er ekki enn orðin vonlaus um að svo megi verða einn daginn. Þangað til verð ég að leiða hana áfram að minnsta kosti meðan mér endist heilsa til.“

### Meðferð á Balí

„Miklar tilviljanir réðu því að við hjónin fórum með Rebekku til meðferðar á Balí í árbyrjun 2006, á endanum dvöldum við mæðgurnar þar í þrjú mánuði. Á Balí hittum við mann sem heitir Mangku Sudarsana sem rekur meðferðarstofu. Mangku náði árangri með Rebekku sem leiddi til þess að hún gat farið að ganga með göngugrind en það hafði hún ekki getað vegna mikilla ósjálfráða hreyfinga í hægri hendi og skorti á jafnvægi. Þessi dvöl breytti miklu og gaf okkur von um að Rebekka gæti öðlast betra líf en talið hefði verið. Það þurfti hins vegar að finna út úr því hvernig hægt væri að halda áfram að byggja Rebekku upp hér á landi og það hefur verið þrautinni þyngri. Við höfum farið til Balí tvisvar síðan í tveggja vikna ferðir og fór henni fram í bæði skiptin. Við höfum ekki farið neitt á þessu ári og ég veit ekki hvort við förum aftur. Þetta kostar mikið og nú erum við hjónin skilin að skiptum og hann fluttur af landi brott sem gerir málin erfiðari fyrir mig og dýrt að kaupa að-



Rebekka á verðlaunapalli í fimleikum.

stoðarfólk okkur til stuðnings.“

„Örlögin hafa hagaði því svo til að

það verður líklega ævistarf Rebekku að vinna úr afleiðingum þessa slyss og læra að nýju meðvitað alla grunnþekkingu sem börn læra ómeðvitað, svo sem að ganga, tala með eðlilegum áherslum, mata sig og klæða. Þetta eru þungbær hlutskipti sem hún er langt frá því sátt við. Þessi áður bráðgera og heilbrigða stúlka sem alla tíð var mjög sjálfstæð er nú full vinna fyrir mig og meira en það. Eldri dóttir okkar, Líska, fór heldur ekki varhluta af þessu frekar en aðrir fjölskyldumeðlimir en hún er nú búin að ná sér á strik og búin að eignast yndislegan dreng sem er átta mánaða og heitir Ísak Breki.“

„Ég vil nota tækifærið til að koma á framfæri þakklæti til allra þeirra

sem sýndu okkur stuðning á mjög erfiðu tímabili í lífi okkar og sérstakur þakkir fær Andrés Arnalds og fjölskylda hans sem eru einstaklega góðir nágrannar að öðrum ólöstuðum og hafa reynt okkur vel.“

Myndir: Ruth, Pálmi Ásbjarnars. og úr einkasafni.

### Söfnunarreikningur Rebekku

Mosfellingur hefur opnað söfnunarreikning fyrir mæðgurnar. Safnað verður uppí Motomed æfingarhjól, en hjólið kostar hátt í 800.000 kr. með öllum útbúnaði.

Reikningur: 0549-14-400541

Kennitala: 020389-2499

## TÓNLISTARPERLUR OG TEXTAR LAXNESS Á NÝJUM GEISLADISKI

# ... OG FJÖLLIN URÐU KYR



## HÓPUR FRAMÚRSKARANDI LISTAMANNA FLYTUR DAGSKRÁ FLÉTTAÐA ÚR TÓNLIST, KVÆÐUM HALLDÓRS LAXNESS OG FRÁSÖGNUM ÚR MOSFELLSSVEIT.

SÖLUSTAÐIR:

GLJÚFRASTEINN · BÓKASAFN MOSFELLSBÆJAR · ÞJÓNUSTUVER MOSFELLSBÆJAR



## Mikill samhugur í atvinnurekendum

Um 60 manns víðs vegar úr atvinnulífinu í Mosfellsbæ mættu á vel heppnaðan fund með bæjarráði Mosfellsbæjar til að ræða þá stöðu sem upp er komin í efnahagssumhverfi þjóðarinnar. Fundarmenn lýstu almennt ánægju sinni með frumkvæði bæjarráðs og sögðust þakklátir fyrir fundinn. Ætlunin var að kanna hvort sveitarfélagið geti með einhverjum hætti staðið við bakíð á atvinnulífinu á erfiðum tímum. Mikill samhugur var í fólki og spunnust miklar umræður um hvernig best mætti blása til sóknar í mosfellsku atvinnulífi á. Meðal annars reyndist talsverður áhugi meðal fundarmanna að mynda samráðsveitvang þar sem aðilar gætu miðlað af þekkingu sinni og reynslu og staðið saman. Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í samráði af þessu tagi er bent á að hafa samband við Sigríði Dögg, forstöðumann kynningarmála, sigridurdogg@mos.is.



## Unglingarnir á Kjalarnesi láta gott af sér leiða Bingó til styrktar umhyggju

Unglingar í Félagsmiðstöðinni Flógvyn á Kjalarnesi héldu, ásamt starfsmönnum, góðgerðarbingó miðvikudaginn 3. desember til styrktar Umhyggju, félags langveikra barna. Góð þátttaka var og tókst þeim að safna 60.000 kr. þetta kvöld sem runnu óskiptar til Umhyggju.

Í nóvember hafa nemendurnir í unglingadeildinni staðið í ströngu og hafa þau tekið þátt í mörgum viðburðum bæði á vegum ÍTR og Samfés. Fyrst má nefna Skrekk, en 35 af 49 unglingum tóku þátt í honum undir stjórn Kolbrúnar Birnu. Þá var það Rímnaflæði sem var haldið í Miðbergi og þar kepptu þau Stefán Birgir og Brynhildur fyrir hönd Flógvynjar, og síðast en ekki síst evarþað Stíll sem haldinn var í Fí-



funni í Kópavogi. Þar voru 60 lið sem kepptu frá öllum landshlutum um hönnun, hár, fördun og heildarútlit sem tengdust þema ársins, en að þessu sinni var það „Framtíðin“ og Kepptu Margrét módel, Rósa, Íris og Helena fyrir hönd Flógvynjar.

Öll þessi atriði voru síðan sýnd á góðargerðarkvöldinu við mikla ánægju áhorfenda og þátttakanda.



## Björgunarsveitin Kjölnur hlýtur styrk

Konurnar í Slysavarnadeild kvenna í Reykjavík héldu nóvemberfund sinn í Sæbjörginni. Þar afhentu þær 500.000 kr styrk til viðhalds á Econoline-bíl sveitarinnar. Hann þarfnast verulegra viðgerða um þessar mundir. Einnig sögðu ungmennin í Stormi frá dvöl sinni á Gufuskálum frá því í sumar sem SVD kvenna styrktu. Áhugavert erindi var flutt um Gróu Pétursdóttur fyrrverandi formann SVD kvenna og starfsemi deildarinnar kynnt. Kjölnur þakkar kærlega fyrir auðsýndan hlýhug SVD kvenna. Á myndinni afhendir Fríður Birna formaður SVD kvenna í Reykjavík styrkinn til Birgis Þórs formanns Kjalarnesi.

## ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)

## Umferðaröruggi

Heilir og sælir Mosfellingar. Ég er 35 ára gömul kona. Ég geng daglega með hundinn minn, hann er stór, snjóhvítur labrador. Við göngum saman um öll hverfi bæjarins á mjög misjöfnum tímum. Við erum merkt í bak og fyrir með endurskinsböndum og fleiru. Það er með ólíkindum að við gangbrautir er svo að segja aldrei stoppað fyrir okkur, þó fyrirferð okkar sé nokkur. Í þeim einstaka tilfellum sem stoppað er, eru það undantekningarlaust karlmenn. Alltaf eru það konur sem æða áfram, umhugsunarlaust, ævinlega blaðrandi (tómka vitlesu) í gsm síma, líta hvorki til hægri né vinstri, og æðubunugangurinn minnir líkast á gamlan kerlingaklúbb eða fyrirlitningu! Tekið skal fram að ökuKONURNAR eru á öllum aldri. Eflaust myndi bylja hátt í tómrí tunnu ef ekið væri harkalega á börnin þeirra af viðlíka fyrirlitningu, óvirkingu og hugsunarleysi. Skammist ykkar konur með ökuleyfi í Mosfellsbæ! Stoppa við gangbrautir, séu þar vegfarendur. *hundakona*



# FJÖLSKYLDU TILBOÐ

## Í SNÆLANDI

2.380,-



**Munið eftir bílalúgunni!**



HÁHOLTI 12

4 Hamborgarar, franskar og 2 l. Coke



Börnin í Lágafellsskóla undirbúa komu jólanna

## Gengið til kirkju

Föstudaginn 5. desember var hinn árlegi jólaskreytingardagur í Lágafellsskóla þar sem nemendur og foreldrar fönndruðu saman. Þema skreytingardagsins þetta árið var endurvinnsla þar sem unnið var jólaskraut úr ýmsum endurvinnanlegum efniviði. Ánægjulegt var að sjá hve margir foreldrar mættu og nutu ánægjulegrar jólastundar með börnum sínum. Nemendur á unglingastigi bökuðu vöflur og hituðu kakó sem selt var í hátíðarsalnum. Nemendur í Jólakór Lágafellsskóla tóku lagið á göngugötunni undir

stjórn Berglindar Björgúlfsdóttur ásamt undirspili Jónasar Þóris.

Árlega ganga nemendur Lágafellsskóla til kirkju. Fimmtudaginn 11. desember gengu nemendur yngsta- og miðstigs saman til Lágafellskirkju og horfðu á helgileik byggðan á jólaguðspjallinu. Nemendur 7. árgangs sáu um kórsöng en nemendur 5. árgangs fluttu helgileikinn undir dyggri stjórn Sigríðar Johnsen fyrrverandi skólastjóra. Hin árlega hátíðlega ferð okkar í Lágafellskirkju er hápunktur adventunnar sem notið er innilega.



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Pverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729



## Afgreiðslutími sundstaða um hátíðirnar

### Lágafellslaug:

**24. des.** Aðfangadagur kl. 07:00 – 12:00

Lokað á jóladag

**26. des.** Annar dagur Jóla kl. 08:00 – 16:00

**31. des.** Gamlársdagur kl. 07:00 – 12:00

Lokað á nýjársgdag

### Varmárlaug:

**24. des.** Aðfangadagur kl. 08:00 – 12:00

Lokað á jóladag

**26. des.** Annar dagur Jóla kl. 09:00 – 18:00

**31. des.** Gamlársdagur kl. 08:00 – 12:00

Lokað á nýjársgdag

**Aðra daga er opið eins og venjulega.**

*Óskum Mosfellingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*



*Óskum viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.*

*Þökkum viðskiptin á liðnu ári.*

**Munið eftir gjafakortunum í jólapakkann**

**GK**  
Snyrtistofa

Kjarna - Pverholti 2 - Sími: 534 3424



### Almholt - einb.m/aukaíbúð

326,7 fm einbýlishús með aukaíbúð og tvöföldum bílskúr. Á efri hæðinni er forstofa, innra hol, stórar stofur, eldhús, þvottahús, 3 herb. (4 skv. teikn.), baðherbergi o.fl auk 48 fm bílskúrs. Í kjallara er séríbúð sem skiptist í forstofu, 2 herbergi, stórt eldhús, baðherbergi. Í kjallaranum er einnig stórt herbergi sem gengið er í úr bílskúrnum en auðvelt er að sameina kjallaraíbúðinni auk mikils geymslurýmis.  
**Seljandi skoðar skipti á minni eign í Mosfellsbæ!**  
**V. 59,9 m.**



### Akurholt - 300 fm einbýli

Tvílyft 300 fm einbýlishús sem er með möguleika á aukaíbúð í kjallara. Á efri hæðinni er forstofa, hol, stórar stofur, tvö herbergi, fataherbergi (snyrting) og baðherbergi. Á neðri hæðinni er forstofa, hol, þvottahús, tvö til þrjú herbergi, eldhús, annað þvottahús og geymsla. Stór og falleg lóð. Eign sem hefur ýmsa möguleika.  
**V. 65 m.**



### Fálkahöfði - fallett parhús

Mjög fallett 132,6 fm 4ra herb., einlyft parhús með innb. 27,2 fm bílskúr. Húsið skiptist í forstofu, þvh., baðh. með kari og sturtu, hol, gang, tvö góð barnah., hjónah., stofu, borðstofu, eldhús og bílskúr með millilofti. Húsið stendur innst í botnlanga á fallettri og gróinni lóð.  
**V. 39,9 m.**



### Kvísartunga 9 - parhús

Glæsilegt 286 fm tvílyft parhús á frábærum útsýnisstað í Leirvogstungu, Mosfellsbæ. Húsið er einkar reisulegt og stílhreint með mikilli lofthæð og stórum útsýnisluggum auk um 60 fm svala. Húsið er fullbúið að utan og rúmlega fókelt að innan.  
**Skipti skoðuð á ódyrari eign!**  
**V. 47,8 m.**



### Fálkahöfði - endaraðhús

Mjög fallett 148 fm endaraðhús á einni hæð, með innbyggðum bílskúr við Fálkahöfða í Mosfellsbæ. Í húsinu eru þrjú rúmgóð svefnherbergi. Mikil lofthæð er í húsinu sem gerir það bjart og skemmtilegt. Stórt bílaplan fyrir framan húsið er hellulagt, með snjóbræðslu og góðar verandir með skjólveggjum.  
**V. 39,9 m.**



### Krókabyggð - endaraðhús

Mjög fallett og bjart 97,2 fm endaraðhús á einni hæð á góðum stað í grónu hverfi við Krókabyggð í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Fallegur garður með góðri timburverönd. Falleg eign á vinsælum stað.  
**V. 29,8 m.**



### Byggðarholt - endaraðhús

131,5 fm endaraðhús á tveimur hæðum í grónu og fallegu hverfi með stórum timburverönd við Byggðarholt 3 í Mosfellsbæ. Í húsinu eru fjögur herbergi. Stór timburverönd með skjólgirðingu og heitum potti, er suðvestanmegin við húsið. Þetta er afar góð staðsetning, göngufæri á Varmárskólasvæðið, í leikskóla og í miðbæ Mosfellsbæjar.  
**V. 28,9 m.**



### Bjartahlíð - raðhús

Sérlega glæsilegt og mikið endurnýjað 112,6 fm raðhús með innbyggðum bílskúr við Björtuhlíð í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, hol, tvö herbergi, fallett eldhús, bjarta borðstofu og stofu, glæsilegt baðherbergi með sturtu og nuddbaðkari og 22,8 fm bílskúr með góðu geymslulofti.  
**Seljandi skoðar skipti á minni eign!**  
**V. 37,8 m.**



### Grenibyggð - raðhús

Glæsilegt 164 fm endaraðhús á tveimur hæðum, auk risherbergis sem ekki kemur fram í fm tölu hússins. Á jarðhæð er eldhús, stofa, sólstofa, þvottahús og salerni, á 2. hæð eru 3 svefnherbergi, sjónvarpshol og fallett baðherbergi og í risi er stórt herbergi. Stórt hellulagt bílaplan fyrir framan bílskúr og skjólgóður suðvesturgarður bakatil. **Lækkað verð!**  
**Seljandi skoðar skipti á minni eign!!**  
**V. 39,8 m.**



### Litlrikri - raðhús

Til sölu fjögur mjög falleg raðhús við Litlakra í Mosfellsbæ. Húsin eru 197 - 207 fm með innbyggðum 27,5 fm bílskúr og afhentast fullbúinn að utan og langt kominn að innan. Þetta eru glæsileg hús á fallegum stað.  
**Ahvílandi lán frá Íbúðalánasjóði upb. 20 m.**  
**Verð frá 37,4 m.**



### Stórikriki - auðveld kaup

Fallett og vel skipulagt 219,5 fm endaraðhús á tveimur hæðum og með innb. bílskúr. Húsið skiptist í anddyri, stofur, eldhús, snyrtingu og innbyggðan bílskúr. Á efri hæð eru þrjú svefnherbergi, baðherbergi og sjónvarpsherbergi (sem mætti auðveldlega nýta sem herbergi).  
**Hagstæð fjármögnun. Seljandi skoðar skipti á annari eign.**  
**V. 49,9 m.**



### Furubyggð - raðhús

Fallett 112,4 fm endaraðhús á einni hæð á stórum hornlóð í grónu og fallegu hverfi. Vel skipulagt á tveimur þöllum, hannað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi, baðherbergi, sér þvottahús, eldhús með borðkrók og stór stofa/sólstofa.  
**Lækkað verð! Verð áður 34,9 m.**  
**Verð nú 26,9 m.**

# Óskum viðskiptavinum og Mosfellungum öllum gledilegra jóla

og farsældar á komandi ári.



Starfsfólk Eignamiðlunar Mosfellsbæ




## Súluhöfði - sérhæð

Mjög falleg 216,7 fm efri sérhæð með tvöföldum bílskúr og aukaíbúð í kjallara, með glæsilegu útsýni við golfvöllinn í Mosfellsbæ. Sér lóð er fyrir framan húsið sem er fullbúin. Jarðhæðin er steppt, en önnur hæðin úr timbri, klædd að utan með múrsteinsflisum.  
**V. 59,5 m.**



## Spóahöfði - sérhæð - útsýni

Mjög falleg 208,4 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr í útjaðri byggðar. Hús teiknað af Kjartani Sveinssyni. 4 svefnherb. Sérsmíðaðar innréttingar, vönduð eldhústæki. Náttúrusteinn og parket á gólfum. Glæsilegt útsýni er yfir golfvöllinn, niður að Leirvoginum og út á Faxaflóa og til Esjunnar. Stórar verandir eru í kringum húsið. Heitur pottur. **Frábær staðsetning. Lækkað verð!**  
**V. 53,9 m.**



## Klapparhlíð - 4ra herbergja

Mjög falleg 97 fm, 4ra herb. endaíbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli. Íbúðin er með eikarparketi og mahony innréttingum. Flísalagt baðherbergi m. sturtu og sérþvottahús. Frábær staðsetning!  
**Lækkað verð!!  
Milljón út og yfirtaka á láni!  
V. 23,9 m.**



## Skeljatangi - 4ra herbergja

Falleg og vel skipulögð 94,2 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð með séringngangi og svölum í fjórbyli við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Falleg íbúð sem skiptist í forstofu, gang, hjónaherbergi, tvö góð barnaherbergi, þvottahús, baðherbergi, stofu, eldhús og gott geymslu loft.  
**V. 25,7 m.**



## Brastarhöfði - 4ra herbergja

Falleg og björt 109,4 fm 4ra herb. endaíbúð með glæsilegu útsýni á efstu hæð í nýju 3ja hæða fjölbýli, ásamt bílastæði í bílajakjallara. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Frábær staðsetning stutt í skóla, leikskóla, golf og sund.  
**V. 32,9 m.**



## Skeljatangi - 4ra herbergja

Falleg 94,2 fm 4ra herbergja íbúð á jarðhæð, með séringngangi í litlu fjórbyli. Íbúðin skiptist í forstofu, hjónaherbergi, tvö góð svefnherbergi, geymslu með tengi fyrir þvottavél, baðherbergi með baðkari, eldhús, stofu og kalda útigeymslu. Úr stofu er gengið út á hellulagða verönd og góðan garð.  
**V. 24,8 m.**



## Klapparhlíð - 5 herbergja

Falleg 112,6 fm, 5 herbergja endaíbúð á efstu hæð í nýlegu þriggja hæða fjölbýli við Klapparhlíð 28 í Mosfellsbæ. Góð stofa, eldhús með borðkrók, baðherbergi m/sturtu, sér þvottahús, 4 svefnherbergi og geymsla. Mahony innréttingar í eldhúsi, baði og svefnherbergjum. Frábær staður stutt í Lágafellsskólavæðið. Flott útsýni til suðurs og austurs. **Lækkað verð!**  
**V. 28,7 m.**



## Tröllateigur - m/ útsýni.

Mjög falleg 3ja herb. 129,0 fm, endaíbúð á efstu hæð með einstöku útsýni, ásamt bílastæði í bílajakjallara í glæsilegu fjölbýli við Tröllateig 24 í Mosfellsbæ. Íbúðin er glæsilega innréttuð. Á gólfum er eikarparket, ljósar flísar, en á baðherb. eru glerflísar. Þetta er glæsileg íbúð í vönduðu fjölbýli í miðbæ Mosfellsbæjar.  
**V. 34,5 m.**



## Tröllateigur - 3ja herbergja

Mjög falleg 94 fm, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með séringngangi og afgirtum garði í fallettu fjórbylishúsi. Tvö rúmgóð herbergi, eikarparket og flísar eru á gólfum og innréttingar úr eik. Þetta er falleg og vönduð 3ja herbergja íbúð á góðum stað, stutt í skóla, íþróttasvæði, Bónus og miðbæ Mosfellsbæjar.  
**V. 26,5 m.**



## Fálkahöfði - m/bílskúr

Mjög falleg 103,9 fm, 3ja herb. íbúð á jarðhæð m/séringngangi og stórrí timburverönd, ásamt 27 fm bílskúr við Fálkahöfða. Vel skipulögð og skemmtileg íbúð með tveimur rúmgóðum svefnherb. Stutt gönguleið er í nýjan grunnskóla og leikskóla á vestursvæði Mosfellsbæjar auk þess sem golfvöllur og glæsileg sundlaug eru í næsta nágrenni. **Íbúðin er til afhendingar fljótlega.**  
**V. 29,7 m.**



## Markholt - 3ja herbergja

Vel staðsett 67,5 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í fjórbyli með sér inngangi. Stór sérlóð og sér bílastæði. Búíð er að draga nýjar raflagnir í íbúðinni. Þetta er fin íbúð á góðum stað. Kominn er tími á viðhald á íbúðinni og er hún því tilvalin fyrir handlagið fólk.  
**V. 14,8 m.**



## Arnartangi - m/bílskúr

Vel staðsett 4ra herbergja, 94 fm raðhús á einni hæð ásamt bílskúr við Arnartanga. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, lokað eldhús, baðherbergi og stóra stofu. Skjólgóður garður í suður með timburverönd. Falleg aðkoma er að húsinu, hellulagt bílaplan með snjóbræðslu.  
**V. 29,5 m.**



Foreldrar heiðra skólustjóri íþróttaskóla barnanna

## Svava Ýr heiðruð

Foreldrum í Mosfellsbæ fannst kominn tími til að þakka Svövu Ýri Baldvinsdóttur, íþróttakennara, fyrir vel unnin störf sín í íþróttaskólanum.

Íþróttaskóli barnanna hóf starfsemi sína árið 1995. Voru það stöllum Svava Ýr og Halla Karen sem stofnuðu hann. Svava hefur sinnt þar starfi sínu af áhuga og alúð samfleytt í 16 ár. Skólinn er á laugardagsmorgnum og er fyrir börn á aldrinum tveggja til fimm ára. Þar taka þau sín fyrstu skref á sviði íþróttar. Þau upplifa jákvæðni og heilbrigði sem mótað getur viðhorf þeirra til hreyfingar og heilbrigðs lífsstíls til framtíðar. Börnin fara í einfaldar og skemmtilegar þrautir og eru alltaf jafn spennit fyrir hvern einasta tíma.

Það er ómetanlegt fyrir foreldra



Svava Ýr með heiðursbikarinn og skjalið sem Örn og Skarphéðinn, nemendur í Íþróttaskólanum afhentu henni fyrir hönd foreldra.

að hafa svo kraftmikla og duglega hugsjónamanneskju í bæjarfélaginu. Morgunstund í Íþróttaskólanum er yndisleg samverustund foreldra með börnum sínum.

## Íslandsmeistari unglunga í Kumite

Telma R. Frímansdóttir, íþróttakona Aftureldingar, hefur átt góðu láni að fagna á karatemótum að undanförunu. Á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kumite í október vann Telma sinn flokk og á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kumite sigraði Telma einnig í sínum þvingdarflokki. Telma hefur því næst sér í tvo Íslandsmeistaratitla á síðustu mánuðum. Fyrir þá sem ekki vita er kumite bardagi milli tveggja keppenda sem gengur út á að skora stig með kýlingum og höggum. Þá er vert að geta þess að Kristján Helgi Carrasco varð einnig Íslandsmeistari í kumite í flokki 15 ára.



## Mikilvægum gögnum stolið

Afturelding varð fyrir miklum missi þegar fartölvu Ernu framkvæmdastjóra var stolið af skrifstofu félagsins seint í nóvember. Mikil af skjölum glötuðust svo og allskyns ómetanleg gögn fyrir starf félagsins. Erna vill því skora á þá sem tóku tölvuna að koma gögnunum úr henni til hennar og lofar fundarlaunum. Fullum trúnaði er heitið því þótt tölvan sé ekki mikils virði eru gögnin það. Þeir sem eitthvað vita um málið eru hvattir til að hafa samband við Ernu, 820-7255.

## Rúmfötin rjúka út

Aftureldingar-rúmfötin eru til sölu á jóla-torginu en markaðurinn er opinn um helgina kl. 14-18. Stuðningsmenn Aftureldingar sofa ekki illa um jólin verði þeir með uppá búið Aftureldingar-rúm um hátíðarnar.



Afturelding sigraði Selfoss með sex marka mun

## Strákarnir á siglingu

Handboltastrákarnir eru á miklu skriði þessa dagana í 1. deildinni. Þeir ætla sér greinilega að vera í toppslagnum um að komast í úrvalsdeild á ný. Afturelding átti stórleik á móti Selfossi föstudaginn 11. des þar sem Oliver Kiss lokaði markinu og endaði leikurinn með sex marka sigri. Markahæstur okkar manna var Vlad Trufan sem skoraði 7 mörk.

Mjög góð mæting var á leikinn og vonandi að Mosfelllingar hafi vaknað til lífsins og styðji dyggilega við okkar menn eftir áramót. Strákarnir eru sem stendur í fjórða sæti deildarinnar og aðeins fjórum stigum á eftir toppliði Gróttu.

Næsti leikur Aftureldingar er við Hauka B að Ásvöllum þann 9. janúar og næsti heimaleikur við Gróttu 16. janúar.



## Hörður verður fyrirmyndarfélag

Hestamannafélagið Hörður fékk afhenta viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ fimmtudaginn 4. desember. Sigríður Jónsdóttir formaður fræðsluviðs ÍSÍ sem afhenti formanni félagsins, Guðjóni Magnússyni viðurkenninguna á aðalfundi félagsins sem haldinn var í félagsheimili Harðar í Mosfellsbæ.

Hestamannafélagið Hörður er sjötta hestamannafélagið sem fær þessa viðurkenningu. Á myndinni eru, Hafsteinn Pálsson formaður íþróttar- og tólmstundasviðs Mosfellsbæjar sem einnig á sæti í framkvæmdastjórn ÍSÍ, Guðjón Magnússon formaður félagsins og Sigríður Jónsdóttir formaður fræðsluviðs ÍSÍ.



## Kjartan fékk silfur á Norðurlandamóti

Kjartan Jónsson, 15 ára Mosfellingur, náði þeim frækilega árangri á dögnum að vinna til silfurverðlauna á Norðurlandamóti unglunga í leiðsluklifri. Yfir 100 keppendur tóku þátt í móttinu alls staðar að af Norðurlöndunum en mótið fór fram í Eskilstuna í Svíþjóð. Kjartan keppti í aldursflokki 14-15 ára en drengur frá Svíþjóð sigraði. Keppnin var mjög hörð og þurfti að bíða lengi eftir niðurstöðu í þessum aldursflokki. Kjartan er núverandi Íslandsmeistari í klifri og stefnir að öðrum Íslandsmeistaratitli í vor.



# ÞRETTÁNDINN 2009

Hin árlega þrettándabrenna Mosfellsbæjar  
verður þriðjudaginn 6. janúar 2009

**Blysför leggur af stað frá bæjartorginu kl. 20**

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar leikur, fjöldasöngur undir stjórn Mosfellskórsins.  
Álfakóngur, Álfadrottning, Grýla, Leppalúði og þeirra hyski verða á svæðinu.



Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar  
Leikfélag Mosfellssveitar  
Björgunarsveitin Kyndill  
Skólahljómsveit Mosfellsbæjar  
Skátafélagið Mosverjar

**Glæsileg  
flugeldasýning!**

Vegna framkvæmda eru engin bílastæði við félags-  
heimili hestamanna. Vinsamlegast ekki leggja bílunum  
í hesthúshverfinu, næg bílastæði við Þverholt.



## HANDKNATTLEIKSDEILD AFTURELDINGAR

Óskar Mosfellingum og styrktaraðilum gleðilegra jóla  
og farsældar á nýju ári

Minum á jólatréssöluna á Jólatorginu við Kjarna



Meistaraflokkur 2008-2009

Þökkum stuðninginn 2008

Kyndill og Afturelding samnýta krafta sína

## Samstarf um fjáraflanir

Í ljósi þess óvenjulega efnahags-ástands sem nú ríkir í þjóðfélaginu verður sífellt erfiðara að afla fjár til að halda úti æskulýðs- og íþróttastarfsemi í bænum, en slík starfsemi er einn af hornsteinum samfélagsins okkar. Vegna þessa hafa Björgunarveitin Kyndill og Afturelding ákveðið að taka upp samstarf um fjáraflanir á komandi ári.

Markmiðið er að í ákveðnum fjáröflunarverkefnum verði samnýttir kraftar beggja aðila í þeim tilgangi að tryggja sem mesta arðsemi. Haft verður að leiðarljósi að báðir aðilar hagnist á samstarfinu og þannig komi fram samlegðaráhrif sem annars hefðu ekki nást. Fyrsta verkefni samstarfsins mun tengjast árlegri

flugeldasölu Kyndils en þar mun knattspyrnudeild aðstoða Kyndilsmenn við auglýsinga- og kynningarstarf. „Allir bæjarbúar eiga eftir að njóta góðs af þessu samstarfi, sem og félögin sjálf. Hér er markmiðið að tveir plús tveir verði ekki minna en fimm. Ég vil hvetja alla Mosfellinga til að taka sem mestan þátt í þeim fjáröflunum sem félagasamtök bæjarins standa fyrir nú um hátíðirnar,“ segir Pétur Magnússon formaður knattspyrnudeildar Aftureldingar. „Jafnframt munum við markvisst hvetja alla iðkendur, foreldra og stuðningsfólk knattspyrnudeildar til að kaupa alla sína flugelda á útsölustöðum Kyndils, en þetta er gríðarlega fjölmennur hópur.“



Mynd/Thorsten Henn

Gatnamót og göngustígagerð í Leirvogstungu

## Uppbyggingin heldur áfram þrátt fyrir kreppu

„Það hafa nokkur hús selst í Leirvogstungu undanfarið. Þetta verður að teljast ásættanlegt nú þegar sala á fasteignum hefur dregist mikið saman,“ segir Einar Páll Kjærnested hjá Eignamiðlun í Mosfellsbæ.

Uppbyggingin í Leirvogstungu hefur gengið þokkalega miðað við þá efnahagskreppu sem nú er skollin á. Það er þó ljóst að víða eru erfiðleikar og nokkuð hefur verið um að lóðir hafi skipt um eigendur á undanförunum mánuðum.

Undirbúningsframkvæmdir vegna mislægra gatnamóta eru hafnar en jarðvinna og brúargerð fara á fullt

skrið á næstunni. Framkvæmdir fór í gegnum umhverfismat og var niðurstaðan sú að hún hefði ekki í för með sér veruleg umhverfisáhrif en bætti öryggi vegfarenda verulega. Matið má kynna sér á heimasíðu Leirvogstungu.

Þá munu bæjaryfirvöld brátt hefja vinnu við gerð göngustígs sem tengir byggðina í Leirvogstungu við skóla og miðju Mosfellsbæjar. Næsta vor með hækkanði sól má því búast við því að íbúar hverfisins geti notað sér þennan valkost hvort sem þeir ganga, hjóla eða ferðast um í barnavagni.





# Jólaball

*Hið árlega jólaball Mosfellsbæjar verður haldið í Hlégarði laugardaginn 27. desember kl. 17.*

*Edda Borg og hljómsveit skemmta!*

*Verð: 700 kr.  
Gleðileg jól*

*Menningarmálanefnd Mosfellsbæjar og Hlégarður*


## Jólatrjáasala í Hamrahlíð



Skógræktarfélag Mosfellsbæjar er með jólatrjáasölu í Hamrahlíð við Vesturlandsveg alla daga fram að jólum.

**Opið:** Kl. 12-16 virka daga  
Kl. 10-16 um helgar

**Jólasveinninn kemur í heimsókn á laugardaginn kl. 14**



Hægt er að fara í skóginn og saga sjálfur tré en einnig verða til söguð tré á staðnum.

Tekið er á móti hópum á öðrum tímum ef óskað er. Hafið samband í síma 867-2516 eða skogmos@internet.is

# ÞORRABLÓT

AFTURELDINGAR



## laugardagskvöldið 24. janúar 2009

Í ÞRÓTTAHÚSINU AÐ VARMÁ

### SKÍTAMÓRALL

### BOB GILLAN OG ZTRANDVERÐIRNIR

Í FYRRA VAR  
TRYGGIÐ YKKUR MÍÐA Í TÍMA  
LIPPSELT

Forsala aðgöngumiða fer fram í Pizzabakaríinu  
frá og með 13. janúar 2009

### VEISLUSTJÓRI GÍSLI EINARSSON

### ÓVÆNT SKEMMTIATRÍÐI

Borðapantanir verða í Pizzabakaríinu þriðjudaginn  
13. og miðvikudaginn 14. janúar kl. 20-21.

*Einungis þeir sem keypt hafa miða geta tekið frá  
sæti. Aðeins verður hægt að panta borð á þess-  
um tíma. 10 manns komast við hvert borð.*



■ Miðaverð: 6.500 kr. ■ Miði eftir kl. 23:30: 2000 kr. í försölu / 2.500 kr. við inngang

Allur ágóði rennur til barna- og unglिंगastarfs Aftureldingar

HÚSIÐ OPNAR KL. 19  
BORDHALD HEFST KL. 20

VIGNIR Í HLÉGARDI  
SÉR UM HLABBORDIÐ

MINNI KARLA  
MINNI KVENNA



Kyndill sér  
um gæsluna





Óskum bæjarbúum  
gledilegra jóla  
og farsældar í nýju ári

**EIGNAMÍÐLUN**  
Mosfellsbæ



**MOSFELLINGUR**

RÉTTINGAVERKSTÆÐI  
Jóns B. ehf

**ÍSABAND**  
BÍLAINNFLUTNINGUR



**MOSFELLINGUR**

Næsta blað kemur út  
**16. janúar**

**Parft þú að koma  
einhverju á framfæri?**

Mosfellingur er borinn út í hvert  
hús og fyrirtæki í Mosfellsbæ,  
Kjalarnesi og Kjós.

Skilafrestur efnis/auglýsinga er  
mánudaginn 12. janúar.

mosfellingur@mosfellingur.is

Skátar stika gönguleiðir og opna nýja heimasíðu [www.mosverjar.is](http://www.mosverjar.is)

# 69 kílómetrar um fell og dali

Jólafundur Skátafélagsins Mosverja var haldinn 13. desember. Margt var á dagskrá fundarins m.a. vígsla nýrra félaga, opnun nýrrar heimasíðu Mosverja, undirritun gönguleiðasamnings og jólasveinninn leit inn á leið sinni í bæinn. Haraldur Sverrisson bæjarstjóri var heiðursgestur þar sem hann opnaði heimasíðuna formlega. Einnig var skrifað undir samning milli Mosfellsbæjar og Mosverja um umsjón og framkvæmd á metnaðarfullu útivistarkerfni vegna stikaðra gönguleiða.

## Rammasamningur til fimm ára

Um er að ræða rammasamning til næstu fimm ára þar sem gert er ráð fyrir að Skátafélagið Mosverjar skipuleggi og setji niður stikaðar gönguleiðir um nágrenni Mosfellsbæjar, samtals 69 kílómetrar.

Byrjað verður á fyrsta áfanga 2009. Leiðirnar munu liggja mjög víða um ósnortna náttúru innan bæjarlandsins. Má nefna gönguleiðir á Helgafell, Mosfell, Úlfarsfell og Grímannsfell. Leiðir upp með Varmánni og yfir í Helgadal og Seljadal. Einnig frá Gljúfrasteini og að Helgu-



Á jólafundinum voru nokkrir skátar vígðir inn í Skátafélagið Mosverja.



Haraldur bæjarstjóri og Ævar félagsforingi undirrita samninginn.

fossi. Þá er ætlunin að fara umhverfis Hafrvatn og á Reykjborg.

bæjar að nýta gönguleiðirnar verður prentað sérstakt göngukort.

## Göngukort og upplýsingaskilti

Við upphaf hvernar gönguleiðar verður bílastæði og upplýsingaskilti þar sem hægt verður að skoða göngukort af svæðinu. Auk þess verða á leiðunum skilti með ýmsum fróðleik svo sem um náttúrufar og sögu svæðisins. Þá verða vegprestar á vegamótum, göngubrýr yfir ár, gestabækur á fjallatoppum og lítill skýli, þar sem hægt verður að fásér nesti. Við Hafrvatn verður líka gerð flotbryggja til að auka öryggi og auðvelda notkun báta á vatninu. Til að kynna verkefnið og auðvelda íbúum Mosfells-

## Mosfellsbær er útivistarbær

„Mosfellsbær á að vera í forystu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hvað varðar útivistarmöguleika. Þessi samningur verður hluti af því og er líka stærsta verkefnið sem skátafélagið hefur tekið að sér. Er það sérstaklega ánægjulegt að geta í samvinnu við bæjarfélagið aukið með því móti útivistarmöguleika okkar sem hér búa. Einnig hentar verkefnið skátafélaginu vel þar sem kunnátta og þekking Mosverja á svæðinu kemur sér vel,“ segir Ævar Aðalsteinsson félagsforingi Mosverja.



Ritnefnd óskar eftir upplýsingum um þessar myndir. Ef einhver þekkir til er hann beðinn um að hafa samband, hlygson@mmedia.is



Ungmennafélagið Afturelding var stofnað 11. apríl 1909

# Söguritun komin vel á veg

Í tilefni 100 ára afmælis ungmennafélagsins Aftureldingar þann 11. apríl 2009 var ráðist í að rita sögu félagsins og safna myndum frá upphafi til dagsins í dag. Söguritun er komin vel á veg. Þetta verður falleg innbundin bók með frásögnum og 300 til 400 myndum úr leik og starfi félagsins. Höfundar eru þeir sömu og rituðu sögu Mosfellsbæjar þ.e. Magnús Guðmundsson og Bjarki Bjarnason. Mosfellsbær hefur styrkt söguritunina afar myndarlega, einnig UMSK og er nú verið að leita til fleiri aðila eftir styrk.

## Tabula gratulatoria

Aftast í bókinni er ætlunin að hafa lista yfir þá einstaklinga og fyrirtæki sem vilja senda félaginu afmæliskveðju og styrkja útgáfuna,



svokallaða Tabula gratulatoria. Þeir aðilar munu síðan fá bókina senda sem þakklætisvott í vor. Þeir sem hafa áhuga á að vera með eru beðnir

að hafa samband í síma 865-0408. Einnig er hægt að hafa samband við formann afmælisesnefndar Elisabetu Guðmundsdóttur í síma 566-7724.



# Jólakveðja til Mosfellinga

Þessi aðventa hefur á margan hátt verið öðruvísi en við eigum að venjast. Óvissa og jafnvel kvíði fyrir því sem koma skal hefur gert vart við sig í kjölfar þeirra sviptinga sem íslenska þjóðin hefur gengið í gegn um að undanförunu.

Við erum smátt og smátt að átta okkur á stöðunni og aðlagast breyttum tímum, tileinka okkur aðeins annan hugsunarhátt.

Sumir eru á því að þessi umbrot muni styrkja okkur sem þjóð, kenna okkur að forgangsraða upp á nýtt og setja fjölskylduna í fyrsta sæti. Við skulum að minnsta kosti vona að eitthvað jákvætt komi út úr þessum tímabundnu erfiðleikum.

Auðvitað verður fólk mismikið fyrir barðinu á efnahagsvandnum en ég ber þá von í brjósti að þeir sem koma hvað verst út úr þessum hremmingum fái rétta hjálparhönd frá þeim sem sterkar standa því nú ríður á að við stöndum saman, Mosfellingar sem aðrir.

Efnishyggjunn er ef til vill sjálfhætt á þeim tímum sem nú eru uppi. Nýtum okkur það, gerum sem mest



úr þeim lífsgæðum sem kosta hvað minnst eins og samveru fjölskyldunnar. Njótum þess að koma saman og gleðjast á þessari hátíð ljóss og friðar. Munum, að jólin eru umfram allt hátíð fjölskyldunnar, umhyggju, kærleika og samhugar. Ég vil hvetja

ykkur öll til þess að hlúa vel hvert að öðru um hátíðirnar og muna að vera þakklát fyrir það sem við eigum.

Jólin eru ekki síst tími barnanna. Ef til vill er það dýrmætasta jólagjöfin til barnanna okkar að hlúa að þeim, veita þeim athygli og eiga með þeim góðar stundir. Notum þá daga sem eftir eru af adventunni til að undirbúa hátíð barnsins með því að vera börnum okkar nær. Kennum þeim að greina gott frá illu og leiðum þau inn í helgi jólnanna.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra og hamingjuríkra jóla. Gleymum ekki orðum Nóbelskaldsins okkar: „Þegar öllu er á botninn hvolft, þá fer allt einhvernvegin, þótt margur efast um það á tímabili.“

Haraldur Sverrisson  
bæjarstjóri

# Góð og væn jól

Nú nálgast jólin með öllu sínu amstri og stressi.

Margir eru uppteknir við að kaupa jólagjafir og taka þátt í hinum ýmsu jólaskemmtunum, en aðrir hafa minna milli handanna og geta kannski ekki tekið þátt í þessu eins mikilvægt og þeir vildu.

Þá er mikilvægt að muna eftir því að jólin eru fyrst og fremst fjölskylduhátíð og tími barnanna, og mikilvægt að huga að því sem skiptir raunverulegu máli um hátíðina. Jólin eru ekki bara gjafir, heldur tækifæri til að eyða meiri tíma með fjölskyldunni og sinna börnunum betur. Auðvitað langar flesta að gefa ættingjum og vinum fallegar gjafir, og þá sérstaklega börnunum, en hægt er að gera slíkt með minni áherslu á efnislega hluti og af hófsemi. Jólagjafir þurfa ekki alltaf að kosta mikilvægt, og hægt er að leggja meiri áherslu á persónulegar gjafir sem maður hefur jafnvel sjálfur tekið þátt í að búa til. T.d. má ramma inn eina af ykkar bestu ljósmyndum og jafnvel gera sjálf rammann utan um með stífum pappa, máluðum og skreyttum. Eins er hægt að útbúa ykkar eigið dagatal með ljósmyndum eða teikningum fjölskyldumeðlima. Einnig er auðvelt að gera sín eigin jólakort og merkisþjöld með því að klippa út fallegan pappír og skreyta að vild.

Við jólainnkaupin er síðan tilvalið að muna eftir margnota innkaupapokunum til að fara vel með peninga og umhverfið.

Margir sem búa einir eða búa



fjarri ættingjum og vinum vilja miklu fremur fá vin í heimsókn yfir jólahátíðina heldur en að fá frá honum pakka. Því er mikilvægt að við snum vel þeim sem þurfa á því að halda og veitum þeim félagsskap og stuðning.

Á aðfangadagskvöld fellur til talsvert magn af jólapappír og umbúðaúrgangi.

Auðvelt er að endurnýta þann pappír sem fellur til aftur um næstu jól, eða nota hann til jólaföndurs. Jólapappír sem rifnar eða ekki er hægt að endurnota af öðrum orsökum er síðan best að skila í pappírgáminn á endurvinnslustöð Sorpu eða í næsta pappírgrenndargám. Pappa má einnig skila á sama hátt í viðkomandi endurvinnslugám, sléttan pappa sér og bylgjupappa sér.

Grenndargámar eru staðsettir við gamla Nóatúnshúsið við Þverholt, við Dælustöðvarveg á móts við Reykjakot og við bensinstöð Olís við Langatanga.

Endurvinnslustöð Sorpu er staðsett við Blíðubakka ofan við hesthúsabyggðina.

Mikilvægast er að við tökum meðvitaða ákvörðun um hvernig við viljum hafa þessi jól og að við gleymum okkur ekki í efnishyggju og ofgnótt, heldur munum að þetta er hátíð ljóss og friðar, með áherslu á fjölskylduna og börnin.

Tómas G. Gíslason  
Umhverfisstjóri Mosfellsbæjar

www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

## Sorphirða um hátíðirnar

Sorphirða milli jóla og nýjárs verður þann 20. og 27. desember og síðan 5. og 6. janúar.



Að gefnu tilefni eru húsráðendur hvattir til að merkja húsin með húsnúmerum og moka frá sorptunnum ef þannig viðrar um jólin.

Umhverfissvið  
Mosfellsbæjar  
óskar bæjarbúum  
gleðilegra jóla

www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729



Mosfellsbær óskar bæjarbúum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

# Þjónustumiðstöð Ístaks

Einn stærsti vinnustaður í Mosfellsbæ



Á milli fjalla, þar sem greiðar leiðir liggja til allra átta, er þjónustumiðstöð Ístaks sem er einn stærsti vinnustaður í Mosfellsbæ.

Þjónustumiðstöðin er fyrsta húsið sem rís í athafnalandi sem Ístak hefur skipulagt og byggir upp. Athafnalandið er metnaðarfullt og vandað hverfi fyrir fyrirtæki framtíðarinnar á sviði þjónustu og verslunar, hátækni, vísinda og iðnaðar.

**ÍSTAK**

**Tungumelar**

ATHAFNALAND



## Bílasala opnar Nóatúnshúsinu

Fyrirtækin Íslensk-Bandaríska og 100bílur hafa flutt starfsemi sína í gamla Nóatúnshúsið en voru áður til húsa að Funa-höfða. Þar eru til sölu notaðir jafnt sem nýir bílar. Starfsmenn bílasölnunnar eru Mosfellingarnir Októ Þorgrímsson, Kristján Guðmundsson og Sigurður Valgeir Óskarsson. Eigandi bílasölnunnar er Októ Þorgrímsson, löggiltur bifreiðasali, en hann hóf innflutning á bílum fyrir rúmum 10 árum síðan. Áður hafa verið í húsinu ma. Verslunarbancinn, Kjörval, Íslandsbanki og nú síðast Nóatún. Nú er þarna 750 m<sup>2</sup> glæsilegur sýningarsalur og stórt upplýst söluplan. Strákarnir taka vel á móti Mosfellingum og öðrum viðskiptavinum í nýju og glæsilegu húsnæði í Þverholti 6.

# Stöndum vörð um íþróttaiðkun barnanna

Það eru óvissutímar í þjóðfélaginu í dag. Á slíkum tímum merkilvægara sem aldrei fyrr að huga að vellíðan barnanna okkar og að þeirra daglegi dagur raskist sem minnst. Nú fer aðventan og jólahátíðin í hönd sem gefur okkur öllum tækifæri til þess að njóta góðra samverustunda með börnunum okkar og fjölskyldunni og huga að þeim gildum í lífinu, sem fást ekki keypt fyrir peninga og verða heldur ekki af okkur tekin vegna skorts á þeim.

Þegar nýtt ár gengur í garð og daglegt líf tekur aftur við þurfum við að halda áfram í þessi gildi í lífinu og huga að öllum þeim litlu, góðu þáttum, sem skapa fótfestuna í mannlegu samfélagi og þroska okkur og börnin okkar til þess að byggja áfram upp gott samfélag til þess að búa í. Eitt af því mikilvægasta, sem við sem samfélag getum gefið börnunum okkar, er að þau geti áfram stundað skólann, tómstundir og íþróttir af fullum krafti og verið áhyggjulaus yfir þeim vandamálum, sem við fullorðna fólkíð þurfum að takast á við á næstu misserum sem einstaklingar



og þjóð.

Ungmennafélagið Afturelding mun hefja nýtt starfsár af miklum metnaði. Félagið verður 100 ára á árinu 2009 og er eitt stærsta og elsta íþróttafélag á landinu. Hundrað ára saga þess minnir okkur á að forverar okkar höfðu kjark, dug og þor til þess að láta félagið vaxa, dafna og þroskast í gegnum allar þær kreppur, sem ríkt hafa á landinu síðustu 100 ár, og minnir okkur jafnframt á að það koma aftur góðir tímar í samfélaginu; tímar þar sem við verðum enn sterkari en fyrr sem félag, samfélag og þjóð.

Mosfellsbær, Ungmennafélagið Afturelding og önnur félagasamtök í bænum ætla að taka höndum saman og standa vörð um þátttöku barnanna í íþrótt- og tómstundastarfi hér í sveitarfélaginu. Við hvetjum allar fjölsýldur til þess að nýta sér frístundaávísun, sem Mosfellsbær veitir öllum börnum á skólaaldri og sækja má um á íbúagáttinni á vef Mosfellsbæjar. Jafnframt viljum við hvetja foreldra til þess að kynna sér önnur úrræði, sem möguleg eru til

þess að tryggja þátttöku barnanna í íþróttastarfinu, jafnvel þótt skóinn kreppti að, bæði hjá Aftureldingu á vef eða skrifstofu félagsins, og á ráðgjafatorgi Mosfellsbæjar, sem veitir ýmsa ráðgjöf til heimilanna á þeim erfiðu tímum sem nú stöðja að.

Um leið og við óskum Mosfellingum gleðilegra jóla og farsæls komandi 100 ára afmælisárs Aftureldingar, viljum við hvetja alla þá sem eru aflögufærir með tíma og fé til þess að taka virkan þátt í því góðfuga starfi sem í boði er hjá félaginu og taka vel á móti sjálfbóðaliðum félagsins í fjáröflunum, sem hafa það að markmiði að öll börn í bænum geti áfram stundað hollar íþróttir af kappi.

Áfram Afturelding í 100 ár!

Jón Pálsson, formaður Aftureldingar  
Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri Aftureldingar

## Aðsendar greinar um bæjarmál í Mosfellsbæ

Greinum skal skila inn með tölvupósti á netfangið [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is) og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Greinum skal fylgja fullt nafn ásamt mynd af höfund.

# MOSFELLINGUR


# FRÓÐLEIKSNÁMA UM SÖGU MOSFELLSBÆJAR

Sjaldan eða aldrei hefur komið út jafn glæsileg byggðarsaga og *Mosfellsbær, saga byggðar í 1100 ár*. Bókin er öll litprentuð og afar vönduð að allri gerð. Hana prýða yfir 700 myndir sem fæstar hafa birst áður.

*Mosfellsbær, saga byggðar í 1100 ár* er einstaklega glæsileg gjöf og skyldueign allra sem vilja kynna sér sögu Mosfellsbæjar.

## MOSFELLSBÆR SAGA BYGGÐAR Í 1100 ÁR

eftir Bjarka Bjarnason og Magnús Guðmundsson  
fæst nú á sérstöku tilboðsverði í þjónustuveri og á bókasafni Mosfellsbæjar.



AÐEINS  
5.000 KR.



MOSFELLSBÆR

ÞJÓNUSTUVER MOSFELLSBÆJAR · KJARNA · ÞVERHOTLI 2 · 270 MOSFELLSBÆ · SÍMI 525 6700

## "Er þér annt um bílinn þinn"

Þá langar okkur að vekja athygli yðar á gildi ryðvarnar.

Við búum við mjög umhleyplingasamt veðurfar. Mikil söltun gatna gerir ryðsækni hér á landi með því allra mesta sem gerist.

Því mælum við með  
íslenskri ryðvörn

"Reynslunar vegna"



## Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fái blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Málningarpjónustan

# Leiftur

SÍMI: 868-2228



## BÍLAPARTAR

VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

- NÝJRI HLUTIR
- TÍMAREIMAR
- KERTI
- VIFTUREIMAR
- SMURSIJUR
- HREINDEFNI
- BREMSKLOSSAR
- PERUR
- OLJUR



TOYOTA

GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

Óskum vinum og vandamönnum  
gleði og kærleika um jölin  
og á komandi ári.



Sindri Guðmundsson og Magnús Friðrik Einarsson



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

## ÁGÆTI HUNDAEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ, (sjá reglugerð á [www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglur](http://www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglur))

### 4.gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.

Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar



# ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrógang.



## JARÐMÓTUN EHF

Flugumýri 184, 270 Mosfellsbæ 5 586 8060 & 892 0989 t-póstur [elias@jaradmotun.is](mailto:elias@jaradmotun.is)

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGA

## CELETTE

Fullkomnustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýttir best Nýja Bílasmíðjan

Flugumýri 20  
270 Mosfellsbæ  
Sími: 566 8200-566 8201  
Fax: 566 8202  
Netfang: [nybil@centrum.is](mailto:nybil@centrum.is)

NÝJA  
BÍLASMÍÐJAN HF

BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

ÞAÐ  
SEM  
TIL  
PARF



# VGH

MOSFELLSBÆ

Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279

## Heyrst hefur...



...að Sigga Bjarna komi fljótlega með stelpu nr. 2 í heiminn.

...að pressa sé á Beinsa að taka þátt í Idolinu.

...að Andrés Arnalds hafi orðið sextugur í byrjun desember.

...að Gréta Aðalsteinsdóttir formaður FaMos hafi fagnað sjötugs afmæli sínu í síðustu viku.

...að golfarinn Davíð Már eigi afmæli í dag.

...að Bryndís Bjarnarson liggj nú undir feldi og íhugi framboð til formanns Framsóknarflokksins.

...að húsgögnin í Pizzabakaríinu séu fengin úr góða hirðinum.

...að Greta Salóme eigi lag í úrslitum jólagagasamkeppni Rásar tvö.

...laun bæjarfulltrúa lækki um 6-7% á árinu 2009.

...að hljómsveitin Skítamóral verði með fjörið á Þorabloti Aftureldingar.

...að Rituhöfðinn sé alveg skuggalega mikið skreyttur fyrir þessi jóln.

...að Lára og Brynjar hafi eignast stelpu um síðustu helgi.

...að salmonella hafi komið upp í kjúklingnum frá Matfugli.

...að Folda sé ólétt.

...að sr. Sigurður Ragnar hafi dregið umsókn sína til aðstoðarprests í umdæminu til baka.

...að Kjósarheppur sé að velja sér byggðarmerki.

...að Óli Stef verði með fyrirlestur í Hlégarði í byrjun árs 2009.

...að Dabbi Inga sé orðinn pabbi.

...að Jóhann Fannar sé búinn að eignast filipíska prinsessu.

...að bílaflotinn í sýningarsalnum í Nóatúni fari vel yfir 100 milljónir.

...að verði sé að vinna að veglegri heimildarmynd um sögu Álafoss.

...að skáklúbburinn Blöndal tefli djarft þessa dagana.

...að jólastemningin verði allsráðandi á jólatorginu á morgun.

...að útsvarið hækki uppí 13,03%

[mofellingur@mofellingur.is](mailto:mofellingur@mofellingur.is)



Félagsmiðstöðin Bólið hélt árshátíð í Hlégarði

## Árshátíð Bólsins

Hin vinsæla árshátíð Bólsins fór fram í Hlégarði þann 27. nóvember. Krakkarnir klæðu sig upp í sitt fínast púss og skemmta sér saman. Dj Stef þeytti skífum fyrir trylltan lýðinn, sýnd voru myndbönd frá Bólnótt auk þess sem krakkarnir voru með heimatilbúin skemmtiatriði. Mikla lukku vakti þegar starfsmenn Bólsins kenndu krökkunum hvernig á að dansa magadans.



## Hreindís Ylva komin í úrslit

Hreindís Ylva Garðarsdóttir er komin í úrslit Söngvakeppni Sjónvarpsins 2009. Hreindís er 19 ára Mosfellingur og stundar nám við Jazzdeild FÍH. Tæplega 300 lög bárust og er búið að velja 16 lög sem keppa munu í þessari undankeppni Eurovision sem fram fer í janúar og febrúar 2009. Hreindís mun syngja lag eftir ömmu sína, Erlu Gígu Þorvaldsdóttur, sem heldur upp á sjötugs afmæli sitt um svipað leyti og keppnin fer fram. Þær stöllur verða í beinni útsendingu í sjónvarpi allra landsmanna laugardagskvöldið 17. janúar. Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva fer svo fram í Rússlandi í maí á næsta ári. Nú er bara að fylgjast með undankeppninni og kjósa Mosfelling sem fulltrúa okkar þjóðar í Eurovision 2009.

## Í eldhúsinu



### Góða kryddkakan

HJÁ MARGRÉTI OG HEIÐU RUT

Margrét Pálsdóttir er markaðsfulltrúi hjá Blindrafélaginu og gefur okkur uppskriftina að þessu sinni. Margrét fékk þessa uppskrift frá frænku sinni fyrir um tuttugu árum síðan og segir hana alltaf standa fyrir sínu. Uppskriftin er einföld, og fljótlegt er að baka hana og svo spillir bragðið ekki fyrir.

Góða kryddkakan – skúffukaka

200 gr. smjörlíki  
2 dl. kaffi (lagað)  
3 egg  
300 gr. sykur

350 gr. hveiti  
3 tsk. lyftiduft  
1 ½ tsk. kaniill  
1 ½ - 2 tsk. negull  
**Krem**  
5 dl. flórsykur  
4 ½ msk. kakó  
4 ½ msk. smjör  
1 tsk. vanilludropar  
½ dl. kalt kaffi (lagað)  
Smá kókosmjöl  
Byrjum á að hita í potti smjörlíki og kaffi (má ekki sjóða). Egginn og sykurrinn er þeytt mjög vel síðan er smjörlíkinu og kaffinu hellt út í, þeytt



rétt aðeins. Þurrrefnunum blandað vel saman og sett út í, hrært með sleif eða mjög varlega saman í hrærivél-inni. Deigið látið í smurða ofnskúffu og bakist í miðjum ofni við 200° hita í 15-20 mín.

Kremið sett á á meðan kakan er volg og smá kókosmjöli stráð yfir. Kakan er borin fram með ískaldri mjólk. Verði ykkur að góðu.



Píparkökuhús  
Píparkökur  
Píparkökudeig



# ÁRAMÓTAPARTÝ

Húsið opnar  
kl. 00:30

## Á DRAUMAKAFFI

Aðgangseyrir:


1000 kr. í forsölu

1500 kr. við inngang

Forsala hefst 28. desember

Takmarkað magn miða.

Dúettinn  
**HLJÓMUR**



Háholt 24 - s. 5868040

## PIZZUR

	9"	12"	15"	18"	
<b>MARGARITA</b>	m/sósu og osti	970	1390	1680	1990
<b>KRYDDPIZZA</b>	m/osti og kryddblöndu	970	1390	1680	1990
<b>SJÁVARRÉTTAPIZZA</b>	m/sósu, osti, rækjum, túnfiski og kræklingi	1450	2020	2650	3470
<b>HAWAII</b>	m/sósu, osti, skinku og ananas	1240	1790	2360	2920
<b>SOMBRERO</b>	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og pepperoni	1450	2020	2650	3470
<b>HRÓI HÖTTUR</b>	m/sósu, osti, skinku, pepperoni, ananas og lauk	1570	2250	2990	3580
<b>BOLOGNESE</b>	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og papriku	1450	2020	2650	3470
<b>MEXICANA</b>	m/sósu, osti, kjúklingi, nachos, lauk, papriku, rjómaosti og jalapenos	1570	2250	2990	3580
<b>HRÓI FAJITAS</b>	m/sósu, osti, kjúklingi, hvítlauk, sveppum og maískorni	1450	2020	2650	3470
<b>GRÆNMETISPIZZA</b>	m/sósu, osti, tómötum, sveppum, lauk, ólífum og gráðosti	1570	2250	2990	3580
<b>AMERICANA</b>	m/sósu, osti, pepperoni, sveppum og lauk	1450	2020	2650	3470
<b>OSTAVEISLA</b>	m/sósu, camembert, gráðosti, parmesan og piparosti	1510	2100	2740	3270
<b>SPECIALE</b>	m/sósu, osti, skinku, sveppum, pepperoni og jalapenos	1570	2250	2990	3580
<b>PEPPERONI</b>	m/sósu, osti, auka pepperoni, jalapenos, ólífum og grænum pipar	1570	2250	2990	3580
<b>JUVENTUS</b>	m/sósu, osti, pepperoni, ananas og sveppum	1450	2020	2650	3470
<b>PIZZA BANANAS</b>	m/sósu, osti, pepperoni, banönum og ananas	1450	2020	2650	3470
<b>SUPREME</b>	m/sósu, auka osti, nautahakki, skinku, pepperoni, sveppum, papriku, ananas og lauk	1590	2570	3250	4390
<b>KJÖTVEISLA</b>	m/sósu, pepperoni, nautahakki og beikoni	1450	2020	2650	3470
<b>HVÍTLAUKSBRAUÐ</b>	m/osti, kryddi og hvítlauksolíu	970	1390	1680	1990

BRAUÐSTANGIR - LÍTILL KR. 550 / STÓR 650

**SÍMI: 55 44444**

Hrói Höttur, Þverholti 2, Kjarna

Grunnverð á pizzu: 970 1390 1680 1990  
Verð á hvert álegg: 190 290 420 510

## HAMBORGARAR

Allir okkar hamborgarar eru bornir fram með frönskum.

- 30. HRÓA BORGARI / TVÖFALDUR** 1200/1490 Kr.  
Með salati, osti og okkar frábæru Hróa Hattar sósu
- 31. BARBEQUE BORGARI** 1310 Kr.  
Með osti, salati, tómötum, súrum gúrkum og BBQ sósu
- 33. BEIKON BORGARI** 1420 Kr.  
Með beikoni, osti, salati, lauk og sósu



# SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvað er efst á óskalista-  
listanum fyrir jólin?



**HALLGERÐUR:**  
Ást og friður.



**ODDNÝ:** Gjafakort og  
sodastream.




**ÆGIR, BRAGI OG HLYNUR:**  
Tölva, bretti og sími.



**GUMMI NJÁLL:**  
Kappakstursbraut.



**MILLÝ:**  
Kjöll.



**BIRKIR:**  
Rúðuþurrkur.



## HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



**DILJÁ TARA (19)**  
**STOLTUR MOSFELLINGUR**

**Sendið okkur myndir!**  
mosfellingur@mosfellingur.is

**TVÍFARAR**

**INGÓ Í ÍÞRÓTTAHÚSINU**

**GORBATSJOV**

# Áslákur

**ÞRI-FIM: KL. 17-00**  
**FÖS-SUN: KL. 15-01**

Lokað á mánudögum. Ath. opið lengur um helgar ef um uppkomur er að ræða. Hægt er að leiga sal fyrir afmæli og fleira, s. 662-8601

# DEYR FÉ

Deyr fé,  
deyja frændur.  
Dönum var sama,  
Og orðstír dó fyrstur,  
þeim er krónu telur.

Íslenska krónan, okkar elsku-  
legi gjaldmiðill, er látin. Hvort  
henni verði fargað í sjó eða hún  
dysjuð í landfyllingu á Akra-  
nesi verður auglýst síðar. Er við  
lítum yfir farinn veg, er vert að  
hafa í huga að íslenska krónan  
hefði viljað látast minnst sín  
líkt og hún var á blómaskeiði  
sínu. Þegar bland í poka fyrir  
100 kall var 100 kr. bland í poka  
og sparibaukurinn var mörgæs  
sem hét Georg og var merktur  
Íslandsbanka. Timarnir breytast  
og baukarnir með.

Þrátt fyrir fráfall krónunar  
getum við leitað huggunar í því  
að sumir hlutir breytast blessun-  
arlega seint eða aldrei. Ísland er  
ennþá „stórasta landið í heimi.“  
Sennilega má færa rök fyrir því  
að Ísland sé stórara en nokkru  
sinni fyrr. Þegar við miðum við  
okkar íslensku höfðatölu, sem  
einnig er bezt í heimi, sjáum við  
að við erum ríkari af flugeldum,  
fallegu fólki og gjaldföllum jepp-  
um en nokkur önnur þjóð. Það  
verður seint af okkur tekið, nema  
þá helst jepparnir, það er víst  
eðli hlutanna.

Hvað sem tautar og raular  
seldum við hvorki jólin frá  
okkur né þrettándann. Það  
þarf ekki að kosta mikið að fara  
á brennu og syngja um Ólaf  
Liljurós. Hann var einmitt líka  
svikinn af álfum. Menn eiga  
lopapeysurnar og ullarhúfurnar  
sínar skuldlaust. Auk þess kost-  
ar ekkert að elska mömmu sína  
um jólin, og allir elska mömmu  
sína, meira að segja vondir  
krakkar, þrátt fyrir kartöflur.

Þó hörmungar riði yfir heims-  
byggðina og þjóðardallurinn  
reki laskaður og stjórnlaus inn  
á ókortlögð hafsvæði, full af  
sjóræningjum, þurfum við ekki  
að örvaenta. Í myrkrinu leynist  
ljós. Vonargæta við fjarlægjan  
sjóndeildarhringinn. Sterkt ták  
mun rísa úr öskustónni. Nýtt sam-  
einingarták vorrar þjóðar. Nýtt  
hyski mun grípa stjórnartauma  
landsins og leiða okkur í gegnum  
vorar ógöngur og svo með tíð og  
tíma beint í þær aftur. Sumir hlut-  
ir breytast aldrei. Það er víst eðli  
hlutanna. **Siggi Gúst**

## SMÁAUGLÝSINGAR

FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

### Smáhundagæsla

Heimilisgæsla á smáhundum,  
þeir eru ekki hafðir í búrum.  
Stórt hundagerði. Uppl. gefur  
Gunnvör í s. 566-8066/820-0878.

### Til leigu 80 fm. íbúð

Rúmgóð 80 fm. íbúð á neðri  
hæð í Ásholti í Mosfellsbæ. Laus  
frá áramótum, mjög hagstæð  
leiga. Uppl. í s. 895-7055

### Til leigu í Hulduhlíð

Til leigu 64,5 fermetra, 2ja her-  
bergja íbúð með sérinngangi.  
Verð 95.000 á mánuði, innifalið  
hiti, rafmagn og hússjóður.  
Upplýsingar í síma 663-3397.

### Íbúð til leigu í Mosó

Til leigu er 3hrb. 75 fm. íbúð í  
Tanga-hverfi. Langtímaleiga,  
100 þús á mán m. hita. Laus til  
leigu um áramót. Uppl. í s. 695-  
6277/841-1061. Elín og Elvar.

### Til sölu nýr nuddpottur

Stórfínn til að mýkja upp kropp-  
inn eftir kalda vetrardaga fyrir-  
spurnir eða tilboð óskast send á  
netfangið afturelding@  
internet.is eða s: 618-6828.

### Enduro hjól til sölu

Til sölu Enduro hjól. Husqvarna  
TE450 2006 ekið 26 tíma. Hvít  
númer, ísl. TM lán getur fylgt,  
Verð 570 þ. Uppl í s. 661-3145.

### Nudd

Get bætt við mig viðskiptavin-  
um. Svæðanudd, klassískt  
nudd, íþróttanudd, ilmolíu og  
sogæðanudd. Er einnig með  
gjafabréf. Hanna: 695-2642  
hannasim@internet.is

### Íbúð til leigu

Til leigu 2ja herbergja íbúð á  
jarðhæð í Klapparhlíð. Laus frá  
áramótum. Uppl. í s: 863-2393.

### Þvottavél

Er að flytja til útlanda, þarf  
nauðsynlega að losna við  
þvottavél. Fæst gefins gegn  
því að verða sótt.  
Uppl. Óli s. 868-2326

### Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fái blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



## B. Markan ehf.

# Pípulagnir

☎ 660 6690



## ÖKUKENNSLA!

Á bíl, bifhjól eða skellinöðru!

Fríð tilboð, kenni allan daginn

Annast einnig ökumat og upprifjun fyrir eldri borgara

**HONDA** Lárus Wöhler löggiltur ökukennari, gsm 694-7597 eða bjartahlid@hive.is



zur þráðlaust net kaldur af krana cre  
holtinn í beinni kaffi risaskjúr samlok  
samlokur lasagne heitt súkkulaði

rebes pizzur kaffi risaskjúr samlokur  
agne heitt súkkulaði boltinn  
fokur þráðlaust net kaldur e

Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S. 586 8040



## Viltu betri heilsu?

### Leitaðu til ráðgjafa með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir

Hertalíle ráðgjafi í Mosteilsbæ

Sími: 869 9913

betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com



BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆ

## Steinteppi & epoxy gólfefni



ARININN



ELDHÚSIÐ



VINNUSTADURINN



## SteinTeppi.is

Sími 864 6600

www.steinteppi.is | steinteppi@steinteppi.is



S. 55 44444  
Pverholti 2  
Kjarna

# MOSFELLINGUR

GK  
Snyrtistofa

Kjarna  
Pverholti 2  
Sími: 534 3424



## JÓLATRÉÐ VALIÐ

Krakkarnir á leikskólanum Reykjakoti fengu góða hjálp frá jólasveininum þegar þau völdu sér eitt „alíslenskt“ jólatré úr skóginum í Hamrahlíð. Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hefur plantað trjám í Hamrahlíð í rúm 50 ár en í skóginum verður sem fyrr jólatrjáasala dagana fyrir jól. Á morgun, laugardag, verður jólasveinninn aftur á ferðinni í skóginum og heilsar upp á gesti og gangandi í Hamrahlíðinni kl. 14.

Mynd/Friða

Lækkaðu  
bensinkostnaðinn  
fáðu ókeypis dælulykil  
frá Atlantsolíu.



AO  
ATLANTSOLÍA

Mosfellsbær

Sími 591 3100  
www.atlantsolia.is



## LEIRVOGSTUNGA

sérbylí í sveit

Börn og fullorðnir í Leirvogstungu standa í stórræðum um þessar mundir og berjast áfram þrátt fyrir erfiða tíma. Margir eru búnir að koma sér vel fyrir í húsum sínum, aðrir leggja nótt við dag til að geta flutt inn fyrir jól.

Við sendum íbúum Leirvogstungu, Mosfellingum og landsmönnum öllum okkar bestu jólakveðjur og þökkum fyrir samferðina á árinu.

Bjarni Sv. Guðmundsson og Katrín Sif Ragnarsdóttir.

Hreiðrað um sig á nýjum stað

WWW.LEIRVOGSTUNGA.IS